



Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskukennslu

Pögnin rofin

Sjónarhorn á kynferðisofbeldi í íslenskum
samtímabókmenntum

Stefán Hannesson

Leiðbeinandi: Soffía Auður Birgisdóttir
Maí 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenskukennsla

Þögnin rofin

*Sjónarhorn á kynferðisofbeldi í íslenskum
samtímabókmenntum*

Ritgerð til M.A.-prófs

Stefán Hannesson

Kt.: 030290-2919

Leiðbeinandi: Soffía Auður Birgisdóttir

Maí 2020

Útdráttur

Í ritgerðinni verða mismunandi sjónarhorn sögupersóna í íslenskum samtímabókmenntum, sem á einn eða annan hátt fjalla um kynferðisofbeldi, skoðuð með því markmiði að kanna hvaða áhrif þau hafa á birtingarmyndir kynferðisofbeldis í völdum skáldverkum. Um leið verður kannað hvernig mismunandi eiginleikar ólíkra sjónarhorna nýtast höfundum verkanna í miðlun kynferðisofbeldis.

Í ritgerðinni verður sjónarhornum sögupersóna skipt niður í fjóra meginkafla, fyrst og fremst eftir stöðu þeirra og aðkomu að kynferðisofbeldi en einnig út frá framsetningu, aðstöðu, tilfinningalífi og upplifun þeirra af kynferðisofbeldi. Í fyrsta kafla verður sjónarhorn brotþola tekið fyrir. Skáldsögurnar *Konur* eftir Steinar Braga og *Hvítfeld – fjölskyldusaga* eftir Kristínu Eiríksdóttur verða skoðaðar út frá ólíkum sjónarhornum brotþola sem þær miðla. Annar kafli fjallar um sjónarhorn vitnis. Í kaflanum verður ljóðabókin *Drápa* eftir Gerði Kristnýju skoðuð út frá sjónarhorni djöfulsins sem fylgist með ofbeldisfullu sambandi konu og karls. Þriðji kafli fjallar um sjónarhorn geranda í skáldsögunni *Góðu fólki* eftir Val Grettisson. Í fjórða og síðasta meginkafla verður sjónarhorn aðstandanda í skáldsögunni *Kötu* eftir Steinar Braga tekið fyrir. Fyrst og fremst verður skoðað hvernig sjónarhorn Kötu sem aðstandanda brotþola hefur áhrif á sýn lesandans á kynferðisofbeldi. Í síðasta kafla ritgerðarinnar verða niðurstöður hvers kafla bornar saman og rannsóknarspurningunni svarað.

Abstract

This thesis will examine different perspectives of characters in contemporary Icelandic literature, that are in one way or another about sexual violence, with the aim to explore what effect they have on portrayals of sexual violence in selected works of fiction. At the same time, it will examine how different qualities of each perspective are useful for the authors to convey sexual violence.

In the main section of this paper, the characters' perspectives will be divided into four chapters, primarily according to their position and involvement in sexual violence, but also based on their presentation, situation, psychology and experience of sexual violence. The first chapter examines the victim's perspective by analyzing the novels *Konur* by Steinar Braga and *Hvítfeld – fjölskyldusaga* by Kristín Eiríksdóttir. The second chapter explores the perspective of a witness by looking at the poetry book *Drápa* by Gerður Kristný in which the devil monitors an abusive relationship. The third chapter looks at the perspective of the perpetrator by examining the novel *Gott fólk* by Valur Grettisson. The fourth and last chapter will examine the perspective of a family member by looking at the novel *Kata* by Steinar Bragi and how the perspective of someone close to a victim has an impact on how the reader perceives sexual violence. In the final section of the paper, the results of each subchapter will be compared and the research question answered.

Formáli

Þessi ritgerð er metin til 30 eininga og er lokaverkefni í meistaranámi (M.A.) í íslenskukennslu við Háskóla Íslands.

Ég vil byrja á að þakka leiðbeinanda mínum, Soffíu Auði Birgisdóttur, fyrir ómælda aðstoð og góð ráð í gegnum ritferlið. Dagnýju Kristjánsdóttur þakka ég fyrir að aðstoða mig við upphaf vinnslu þessarar ritgerðar.

Vinum mínum, Brúsa Ólasyni, Inga Óskarssyni og Kára Úlfssyni þakka ég fyrir andlegan stuðning í gegnum ferlið, og þeim síðastnefnda fyrir enska þýðingu á útdrættinum.

Systkinum mínum, Kristjönu Gunnarsdóttur og Sölva Þór Hannessyni þakka ég fyrir stuðninginn sem þau veittu mér, hvort með sínum einstaka hætti.

Foreldrum mínum, Helgu Jóhannesdóttur og Hannesi Stefánssyni, þakka ég fyrir að hýsa mig á lokametrinum og veita mér ómetanlega hjálp. Hannesi þakka ég einnig fyrir að annast prófarkalestur ritgerðarinnar.

Að lokum við ég þakka kærustunni minni, Önnu Birnu Elvarsdóttur, kærlega fyrir endalausa þolinmæði og andlegan stuðning. Takk ástin mín.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Sjónarhorn brotþola.....	6
3	Sjónarhorn vitnis.....	20
4	Sjónarhorn geranda.....	37
5	Sjónarhorn aðstandanda.....	45
6	Niðurstöður.....	49
	Heimildaskrá.....	52

1 Inngangur

„Tímarnir breytast og mennirnir með“ segir í gömlum málshætti sem fyrir löngu hefur orðið að sígildum frasa, enda endurspeglar hann samtímann og þá samfélagsgerð sem er við lýði hverju sinni. Í gegnum mannkynssöguna höfum við mannfólkið upplifað margvíslegar breytingar á lífskjörum okkar, ýmist vegna tæknivæðingar, breyttrar náttúrumyndar, aukins fólksfjölda og margra annarra þátta. En það eru þó ekki einungis hlutlægir þættir er varða þessar breytingar á lífi fólks heldur einnig huglægir.

Þegar kemur að samanburði manna og annarra dýra eru það einmitt þessir huglægir þættir sem mennirnir státa sig af og nota til að aðgreina sig frá dýrum: „Með sveðju skynseminnar að vopni höggva þeir stíg gegnum frumskóginn.“¹ Menn og dýr eiga vissulega líffræðilega þætti sameiginlega en munurinn felst hins vegar í því að á meðan dýrin fylgja náttúrulegu eðli sínu hafa mennirnir þróað með sér mun flóknara eðli sem ber mark af siðmenningu. Menning hefur í för með sér mismunandi gildi sem leiða af sér mismunandi viðhorf. Viðhorf geta átt við um stjórnsmál, trúarbrögð og mannasiði, en ekki síst um samskipti.

Í samskiptum dýra fara þau eftir sínu náttúrulega eðli á meðan mennirnir taka mið af samfélagslegum gildum sem hafa þróast gríðarlega í gegnum aldirnar. Þessi samfélagsgildi stýra því hvernig við högum okkur og komum fram hvert við annað. En einhvers staðar í þróunarsögunni fór maðurinn út af sporinu sem meðal annars má sjá á samskiptum kynjanna og ójafnri valdastöðu sem ríkir á milli þeirra. Í gegnum aldirnar hafa karlmenn gegnt valdastöðum á nánast öllum sviðum mannlegs lífs á kostnað kvenna og þar með hefur hið margumtalaða feðraveldi þróast. Til marks um þau viðhorf í garð kvenna sem fylgt hafa feðraveldinu má benda á orð Sigmund Freuds, eins áhrifamesta sálfræðings mannkynssögunnar, sem lýsti konum á þann hátt að þær væru óeðlilegar (e. deviant) mannverur vegna skorts á getnaðarlim.²

Þrátt fyrir staðfestu sína í gegnum söguna hefur feðraveldið þó ekki alltaf fengið að standa óáreitt. Til að nefna vendipunkta í sögu kvenréttindabaráttunnar má nefna fyrstu kvenréttindaráðstefnuna í Bandaríkjunum árið 1848³ og uppruna hugtaksins femínismi, en það á rætur sínar að rekja til Frakklands á 9. áratug 19. aldar,⁴ um svipað leyti og

¹ Steinar Bragi, *Kata*, Reykjavík: Mál og menning, 2014, 195.

² Lerner, G., *The Creation of Patriarchy*, New York: Oxford University Press, 1986, 19.

³ Freedman, E., *No Turning Back: The History of Feminism and the Future of Women*, New York: The Random House Publishing Group, 2002, 17.

⁴ Sama heimild, 3.

Sigmund Freud var að skapa sér nafn á sviði sálfræðinnar. Ekki verður kafað í sögu fémínisma hér en hún leiðir okkur þó að einni af mörgum baráttum sem kvenréttindahreyfingin hefur þurft að heyja og um leið að því viðfangsefni sem er kjarninn í þessari ritgerð; kynferðisofbeldi.

Þann 24. október 2017 var stórt skref stigið í kvenréttindabaráttu á heimsvísu þegar leikkonan Alyssa Milano notaði myllumerkið #metoo á samfélagsmiðlinum Twitter til að upplýsa um kynferðislega misnotkun sem hún hafði orðið fyrir af hendi kvikmyndaframleiðandans þekktu Harvey Weinsteins.⁵ Þrátt fyrir að notkun orðasambandsins „MeToo“ í kvenréttindabaráttu megi rekja aftur til ársins 2006⁶ vakti það ekki athygli fyrr en Milano nýtti sér það og gerði að táknmynd fyrir byltingu, enda hafði myllumerkið verið notað um 12 milljón sinnum innan sólarhrings.⁷ MeToo-byltingin hefur ekki einungis orðið til þess að veita konum (og í sumum tilvikum körlum) vettvang til að vekja athygli á þeim brotum sem þær hafa orðið fyrir, heldur hefur hún einnig vakið heimsathygli á þeim rótgróna vanda sem kynferðisofbeldi er.

Viðbrögð við MeToo-byltingunni benda sterklega til þess að kynferðisofbeldi sé samfélagsmeinn sem legið hefur lengi undir verndarvæng feðraveldisins, enda hlaut að koma að því að það flygi of nálægt sólinni. Mörgum steinum hefur verið velt og ýmislegt komið í ljós enda er kynferðisofbeldi flókið hugtak sem á sér ólíkar skilgreiningar eins og sjá má á lýsingu á vef Landlæknisembættisins: „Flestir hugsa um nauðgun þegar kynferðisofbeldi ber á góma en rétt eins og með annað ofbeldi eru til margar tegundir kynferðisofbeldis.“⁸

Í fréttum og umræðum um kynferðisofbeldi á Íslandi er oftast en ekki minnst á samtökin Stígamót, en þau „eru grasrótarsamtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi og veita aðstoð fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi.“⁹ Á vef samtakanna kemur fram að kynferðisofbeldi eigi sér margar birtingarmyndir á borð við nauðganir, kynferðislega áreitni, klám, stafrænt kynferðisofbeldi, mansal, vændi, ofsóknir, stofnanaofbeldi, kynferðislegt ofbeldi gegn börnum o.fl.¹⁰ Af mörgu er að taka og ljóst er

⁵ Mendes, K., Ringrose, J., og Keller, J., „#MeToo and the promise and pitfalls of challenging rape culture through digital feminist activism“, *European Journal of Women's Studies*, 2018, 25. ár, nr. 2: 236, sótt 16. júní 2019 af <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/1350506818765318>.

⁶ Sama heimild.

⁷ Sama heimild.

⁸ Landlæknir, „Kynferðisofbeldi“, sótt 16. júní 2019 af vef Embættis landlæknis: <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item18286/Kynferdisofbeldi>.

⁹ „Um Stígamót“, sótt 16. júní 2019 af <https://www.stigamot.is/is/um-stigamot>.

¹⁰ „Kynferðislegt ofbeldi“, sótt 16. júní 2019 af vef Stígamóta: <https://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/kynferdislegt-ofbeldi>.

að kynferðisofbeldi teygir sig um alla króka og kima mannlegs samfélags. En umræður og umfjallanir um þetta flókna fyrirbæri eiga sér þó ekki eingöngu stað í raunheimum.

„Skáldskapurinn hjálpar okkur að flýja erfiðleika en líka til að horfast í augu við þá og við okkur sjálf, við fortíð og nútíð. Meðvitað eða ómeðvitað spegla rithöfundar eitthvað í samtíma sínum hverju sinni.“¹¹ Þessa lýsingu Maríönnu Clöru Lúthersdóttur er gott að hafa í huga þegar hugurinn er leiddur að viðfangsefni þessarar ritgerðar; kynferðisofbeldi í íslenskum samtímabókmenntum. Bókmenntirnar endurspeglar tíðarandann og varpa oft en ekki ljósi á þau viðfangsefni sem helst eru í umræðunni hverju sinni. Þetta á vel við um kynferðisofbeldi því rétt eins og kemur fram í skilgreiningu Stígamóta á slíku ofbeldi koma fram ótal birtingarmyndir af kynferðisofbeldi í íslenskum skáldskap. Rithöfundurinn Hallgrímur Helgason hefur bent á að á „undanförnum árum hafa bókmenntirnar í auknum mæli snúið sér að sársauka sprotnum af kynferðislegu ofbeldi“ og bætir við að „heimurinn [sé] opinn fyrir þessum yrkisefnum, þau eru ekki lengur tabú.“¹²

Ekki er þó hlaupið að því að setja fram fullnægjandi heildarmynd af jafn víðfeðmu viðfangsefni og kynferðisofbeldi í íslenskum samtímabókmenntum reynist vera, tabúið er sprungið út með tilfallandi umfangi ef marka má orð Hallgríms hér að ofan. Í ritgerðinni verða mismunandi sjónarhorn sögupersóna í íslenskum samtímabókmenntum, sem á einn eða annan hátt fjalla um kynferðisofbeldi, skoðuð með því markmiði að kanna hvaða áhrif þau hafa á birtingarmyndir kynferðisofbeldis í völdum skáldverkum. Um leið verður kannað hvernig mismunandi eiginleikar ólíkra sjónarhorna nýtast höfundum verkanna í miðlun kynferðisofbeldis.

Í ritgerðinni verður sjónarhornum sögupersóna skipt niður í fjóra meginkafla, fyrst og fremst eftir stöðu þeirra og aðkomu að kynferðisofbeldi en einnig út frá framsetningu, aðstöðu, tilfinningalífi og upplifun þeirra af kynferðisofbeldi. Í fyrsta kafla

¹¹ Maríanna Clara Lúthersdóttir, „Skyggni ágætt: Erindi um íslenskar samtímabókmenntir.“, sótt 16. júní af vef Miðstöðvar íslenskra bókmennta: <https://www.islit.is/bokmenntakynning-og-thydingar/efni-um-islenskar-bokmenntir/erindi-um-islenskar-nutimabokmenntir/>.

¹² Hallgrímur Helgason, „Um hinn sársaukandi sársauka: Persónur leiða höfund sinn til heljar.“, *Ritið*, 3/2018, 173-179, hér 175.

verður sjónarhorn brotþola¹³ tekið fyrir. Skáldsögurnar *Konur*¹⁴ eftir Steinar Braga og *Hvítfeld – fjölskyldusaga*¹⁵ eftir Kristínu Eiríksdóttur verða skoðaðar út frá ólíkum sjónarhornum brotþola sem þær miðla. Í *Konum* er hryllileg staða kvenna innan feðraveldisins í fyrirrúmi en í *Hvítfeld* er sjónarhornið óáreiðanlegt og varpar þannig upp spurningum um sannleiksgildi frásagna og sálræn áföll brotþola í kjölfar kynferðisofbeldis. Í greiningunni verður stuðst við umfjöllun og kenningar bókmenntafræðinganna Björns Þórs Vilhjálmssonar, Úlfhildar Dagsdóttur, Dagnýjar Kristjánsdóttur, Páls Baldvins Baldvinssonar, Kjartans Mús Ómarssonar, Carol J. Clover, Hildar Ýrar Ísberg og Guðrúnar Elsu Bragadóttur um bækurnar. Einnig verður stuðst við fræðsluefni frá Stígamótum og bókina *Á mannamáli: Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan* eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur.

Annar kafli fjallar um sjónarhorn vitnis. Í kaflanum verður ljóðabókin *Drápa*¹⁶ eftir Gerði Kristnýju skoðuð en í bókinni virðist höfundur nota sjónarhorn djöfulsins sem fylgist með ofbeldisfullu sambandi konu og karls, en karlinn beitir konuna ofbeldi og endar á að myrða hana. Einnig verður litið til smásögunnar „Bak við fossinn“ úr smásagnasafninu *Doris deyr*¹⁷ eftir Kristínu Eiríksdóttur, en aðalpersóna hennar þjónar einnig hlutverki vitnis. Fræðilegur grunnur kaflans er byggður á greiningu bókmenntafræðinganna Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur og Guðna Elíssonar á *Drápu*.

Þriðji kafli fjallar um sjónarhorn geranda í skáldsögunni *Góðu fólki*¹⁸ eftir Val Grettisson. Hér er aftur stuðst við greiningu Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur og Guðna Elíssonar á gerandanum í *Drápu* og hún notuð til hliðsjónar við greiningu á aðalpersónu *Góðs fólks*.

Í fjórða og síðasta meginkafli verður sjónarhorn aðstandanda í skáldsögunni *Kötu*¹⁹ eftir Steinar Braga tekið fyrir. Fyrst og fremst verður skoðað hvernig sjónarhorn Kötu sem aðstandanda brotþola hefur áhrif á sýn lesandans á kynferðisofbeldið sem lýst er í bókinni. Stuðst verður við greiningar bókmenntafræðinganna Soffíu Auðar

¹³ Í umræðum um kynferðisofbeldi hefur oftast en ekki verið stuðst við heitið „þolandi“ um þá sem verða fyrir kynferðisofbeldi. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir hefur bent á ýmsa vankanta varðandi þetta heiti, m.a. vegna þess hversu almenns eðlis það er, og leggur því til að notast sé frekar við heitið „brotþoli“ (sjá nánar í Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli: Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, 17-18). Í fræðsluefni Stígamóta er einnig notast við orðið. Í ljósi þessarar ábendingar verður því stuðst við heitið brotþoli hér.

¹⁴ Steinar Bragi, *Konur*, Reykjavík: Mál og menning, 2008.

¹⁵ Kristín Eiríksdóttir, *Hvítfeld – fjölskyldusaga*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2012.

¹⁶ Gerður Kristný, *Drápa*, Reykjavík: Mál og menning, 2014.

¹⁷ Kristín Eiríksdóttir, *Doris deyr*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2010.

¹⁸ Valur Grettisson, *Gott fólk*, Reykjavík: Bjartur, 2015.

¹⁹ Steinar Bragi, *Kata*, Reykjavík: Mál og menning, 2014.

Birgisdóttur og Björns Þórs Vilhjálmssonar, ásamt ritdómi Hildar Lilliendahl Viggósdóttur.

Í síðasta kafla ritgerðarinnar verða niðurstöður hvers kafla bornar saman, og rannsóknarspurningunni svarað.

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að hér er ekki um tæmandi lista yfir íslensk skáldverk sem fjalla um kynferðisofbeldi að ræða. Þau skáldverk sem tekin verða fyrir í ritgerðinni voru valin í ljósi þess að þau endurspegla vel sjónarhornin sem lagt er upp með að kanna. Við valið var einnig litið til útgáfuára verkanna og reynt að velja verk sem spönnuðu ekki of breitt tímabil íslenskrar bókmenntasögu og einnig að um nýleg verk væri að ræða. Tímabilið sem verkin spanna er frá árunum 2008 til 2015.

„Sjónarhorn tákna stöðu höfundar í sögu, hvaðan hann horfir á atburði sögunnar, og þar með sambandið milli höfundar og þeirrar frásagnar sem hann miðlar.“ Höfundar nýta sér ýmis úrræði til að miðla skilaboðum sagna sinna til lesandans og eitt af þeim er sjónarhorn sögupersóna. Sjónarhorn þeirra er gluggi lesandans að söguheiminum og samfélaginu sem honum fylgir, sálarlífi persóna, samskiptum og fleiri atriðum sem öll gegna því hlutverki að miðla fyrrnefndum skilaboðum. Í meginköflum ritgerðarinnar verða sjónarhorn sögupersóna skoðuð með mismunandi hlutverk þeirra gagnvart kynferðisofbeldi að leiðarljósi.

2 Sjónarhorn brotapolá

Konur eftir Steinar Braga

Meginsögusvið skáldsögunnar *Konur* eftir Steinar Braga er blokkaríbúð í Skuggahverfinu á íslensku góðærisárunum. Aðalsöguhetjan, Eva Dögg Einarsdóttir, kona á þrítugsaldri, er nýflutt til landsins frá Bandaríkjunum og hefur fengið afnot af íbúðinni gegnum bankamanninn Emil Þórsson sem hún þekkir lítið sem ekkert. Eva stendur á tímamótum í sambandi sínu við kærasta sinn Hrafn, en þau höfðu áður misst barn sitt úr vöggudaða og sambandið stendur á brauðfótum. Á meðan Hrafn býr í foreldrahúsum kemur Eva sér fyrir í ókunnugri íbúðinni sem hún hefur litla tengingu við.

Í fyrstu köflum bókarinnar kynnist Eva íbúðinni betur og kemst smám saman á snoðir um dularfull fyrirbæri á borð við kött sem kemur örsjaldan fram, kvikmyndaherbergi með óvenjulegu kvikmyndasafni og einhvers konar grímu sem grafin er inn í vegginn fyrir ofan rúmið hennar. Hún kynnist nágrönnum sínum, Bergþóru og Rannveigu, auk húsvarðanna Snorra og Einars. Bergþóra fer fljótlega að gera sig heimakomna í íbúðinni og spyr Evu spjörum úr en gefur lítið sem ekkert upp um eigin fortíð. Seinna kemst Eva svo að því í gegnum Bergþóru og Rannveigu að tvær konur, Marie og Grace, hefðu búið hvor í sínu lagi á undan henni í íbúðinni. Þegar Eva spyr út í örlög þeirra gefa nágrannakonurnar lítið upp annað en að Marie hafi líklega fyrirfarið sér.

Evu fer fljótlega að gruna að ekki sé allt með felldu í íbúðinni, ekki síst vegna grímunnar dularfullu og í seinni hluta bókarinnar kemur í ljós að grunur hennar er á rökum reistur. Eftir að hafa reynt að komast heim til Hrafnis í kjölfar dularfullra atburða vaknar hún upp í íbúðinni og kemst að því að allir útgangar hennar eru læstir. Síminn hringir og Eva fær þau skilaboð að hún eigi að setja andlit sitt í grímuna á miðnætti, annars verði henni refsað. Hún áttar sig fljótlega á því að úr grímunni kemur svefngas sem svæfir hana. Eina nóttina missir hún ekki meðvitund og kemst þá að því að henni er nauðgað á meðan hún liggur hálf rænulaus í rúminu.

Næstu dagar eru einsleitir og Eva sættir sig smám saman við örlög sín sem fangi í íbúðinni. Seinna kemst hún að því að hún er í raun hluti af listaverki eftir einn af hennar uppáhalds listamönnum, Joseph Novak. Undir lok sögunnar bætist barnung stelpa við listaverkið en sagan endar á því að þær deyja báðar og Evu er stillt upp við borð ásamt Marie og Grace. Listaverkið er þar með fullkomnað.

Bókin vakti mikla athygli á sínum tíma enda „hafa menningarummælendur verið

sem klofnir í herðar niður“ þegar kemur að umræðum um bókina.²⁰ Sem dæmi um viðbrögð við bókinni má nefna gagnrýni Úlfhildar Dagsdóttur bókmenntafræðings en hún telur bókina ofmetna og ekki eiga það lof sem hún hlaut skilið.²¹ Þessu til rökstuðnings nefnir hún nokkra þætti:²² Í fyrsta lagi bendir hún á að sagan sé fyrirsjáanleg og sverji sig í ætt við afþreyingarbókmenntir þar sem lesendur fá meiri upplýsingar um framvindu sögunnar en þeir eiga að venjast. Í öðru lagi líkir hún sögunni við svokallað hryllingsklám sem hún tengir við birtingarmynd (kynferðis)ofbeldis í *Konum*. Um leið og Úlfhildur bendir á ófrumlega framsetningu hryllingskláms í sögunni bendir hún einnig á að á meðan önnur verk sömu tegundar hafa að geyma pólitíska ádeilu er slík ádeila óljós í *Konum* vegna þess hversu illa textinn er unninn, að hennar mati. Í þriðja og síðasta lagi telur hún vera of mörg tákni í sögunni, eða „speglanir“ eins og nafn ritdómsins vísar, „Speglandi“, vísar í, og þar af leiðandi sé erfitt að túlka þau með viðunandi hætti.

Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur tekur í svipaðan streng og Úlfhildur þegar hún segir að „þó að bókinn sé kynngimögnuð hefði vel mátt hugsa og vanda fagurfræði og framsetningu hennar betur. Tungumálið er vopnið sem höfundurinn berst með og eigi að nota það til stórræða verður það að bita.“²³ Björn Þór Vilhjálmsson bókmenntafræðingur er hins vegar á öndverðum meiði við þær báðar hvað pólitíska ádeilu og uppbyggingu textans varðar.²⁴ Hann telur að Steinari Braga takist vel upp með úrvinnslu á mörkum milli fantasíu og raunsæis þar sem „samspilið milli hins staðbundna og hins almenna reynist þegar upp er staðið afar vel útfært, áhrifin eru sláandi og skírskotanir verksins verða breiðari fyrir vikið.“²⁵ Björn Þór tekur jafnframt fram að (ólíkt því sem Úlfhildur og Dagný bentu á um bitleysi textans og skort á ádeilu) „það sem skiptir þó mestu máli, og skiptir milli feigs og ófeigs í þessu tilviki, er að höfundur nær að halda krítískri fjarlægð á þau viðhorf sem birtast í bókinni.“²⁶

Fleiri gagnrýnendur eru á svipuðum slóðum og Björn Þór Vilhjálmsson. Bókmenntafræðingurinn Páll Baldvin Baldvinsson lofar til að mynda bókina í ritdómi og heldur því fram að hún sé „tvímælalaust áhrifamesta verk[ið] sem komið hefur út hér á

²⁰ Björn Þór Vilhjálmsson, „Minnisblöð úr undirdjúpunum“, *Hugrás*, 2017, sótt 19. júní 2019 af Hugrás, vefriti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands: <http://hugras.is/2017/01/minnisblod-ur-undirdjupunum/>.

²¹ Úlfhildur Dagsdóttir, „Speglandi“, 2009, sótt 19. júní af vef Bókmenntaborgarinnar Reyjavíkur: <https://bokmenntaborgin.is/umfjollun/konur-0>.

²² Sama heimild.

²³ Dagný Kristjánsdóttir, „Listin að pína konur“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2009, 109-113, hér 113.

²⁴ Björn Þór Vilhjálmsson, „Af skuggum og hryðjulistaverkum“, *Morgunblaðið*, 13. des. 2008, sótt 19. júní af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1259903/>.

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Sama heimild.

landi í langa tíð.²⁷ Það leikur því enginn vafi á því að bókin er áhrifamikið og umdeilt verk sem býður upp á ólíkar túlkanir. Ef tekið er mið af ofangreindum ritdómum er það þó helst pólitísk ádeila, og hvort hún sé yfirhöfuð til staðar í bókinni, sem vakið hefur athygli bókmenntafræðinga. Þetta kemur ekki á óvart í ljósi þess að bókin byggir að miklu leyti á framsetningu íslensku góðærisáranna og þeirri samfélagsmynd sem þeim fylgdi en eins og Björn Þór tekur fram í sínum dómi gæti „einhver [...] [bent] á að verkið taki að „fljóta“ dálítið út fyrir þann ramma sem það í fyrstu virðist setja sér, greininguna á íslensku samfélagi“ en bætir við að það „að þessum þræði sé ekki haldið á lofti á beinan hátt út í gegnum bókina gæti valdið sumum vonbrigðum en höfundur ætlar sér aðra hluti [...]“.²⁸ Björn Þór hittir naglann á höfuðið þegar hann nefnir að Steinar Bragi hafi ætlað sér aðra hluti með bókinni því annað viðfangsefni hennar, sem fallið hefur í skuggann fyrir umræðu um samfélagsmynd góðærisáranna – eða gróðæðisáranna, eins og þau voru einnig kölluð, í ritdómum og umfjöllunum, er veigamikill þáttur innan um þau ótal tákn sögunnar sem Úlfhildur benti á; kynferðisofbeldi.²⁹ Það verður ekki hjá því komist að ræða kynferðisofbeldi þegar kemur að því að greina *Konur* enda er staða kvenna í samfélaginu gagnvart feðraveldinu undirstaða sögunnar. Allar tengingar við góðærisárin og þá íslensku samfélagsmynd sem þeim fylgdi er hliðstæð birtingarmynd í sögunni og virðist fyrst og fremst þjóna þeim tilgangi að vera aukarammi utan um illmenni sögunnar. Hvort að þessi aukarammi eigi að vera útskýring á framferði illmennanna, samfélagsádeila, eða hvort tveggja er ekki gott að segja en þó er erfitt að færa rök fyrir því að það sé ríkjandi stef í sögunni. Hér verður aukaramminn túlkaður sem birtingarmynd þess kerfisbundna kynferðisofbeldis sem ríkir í samfélaginu, en nánar verður farið í það síðar í ritgerðinni. Sú þolraun sem Eva gengur í gegnum í listaverkinu sem hún tilheyrir er í forgrunni í seinni hluta bókarinnar, en í þeim fyrri fær lesandinn að kynnast Evu og fortíð hennar. Lesandinn fær þannig um leið að sjá stöðu kvenna í feðraveldinu með augum Evu sem brotþola.

„Það er alltaf strákur“³⁰ segir Bergþóra við Evu í samnefndum kafla bókarinnar. Ef litið er á Evu sem nokkurs konar birtingarmynd fyrir stöðu kvenna innan feðraveldisins er frammistaða hennar í kvenhlutverki sínu eitt það fyrsta sem stingur í stúf. Í umræðum

²⁷ Páll Baldvin Baldvinsson, „Bentu á þann...“, *Fréttablaðið*, 19. des. 2008, 52, sótt 20. júní 2019 af <https://timarit.is/page/4015559?iabr=on>.

²⁸ Björn Þór Vilhjálmsson, „Af skuggum og hryðjulistaverkum“.

²⁹ Vissulega má leiða líkur að því að fyrirnefndir bókmenntafræðingar séu einnig að benda á feminísk málefni í samhengi við þá „pólitísku ádeilu“ sem þeir nefna en það kemur ekki skýrt fram.

³⁰ Steinar Bragi, *Konur*, 25, framvegis verður vísað í bókina innan sviga í meginmáli.

um feðraveldið er oftast en ekki talað um hin hefðbundnu kynhlutverk; karlmaðurinn er fyrirvinna heimilisins á meðan konan sér um það, þarfir karlmannsins eru í forgangi og konan á að uppfylla þær, og síðast en ekki síst; „meginhlutverk konunnar er að fæða börn og ala þau upp.“³¹ Þessi staða Evu sést hvað best þegar fjallað er um samband hennar við kærastann Hrafn. Persónuleika hennar og sálarlífi er nánast aldrei lýst svo vel sé nema það sé gert í samhengi við tilfinningar hennar gagnvart Hrafn, en strax í þriðja kafla brotnar hún saman og segist „vera hrædd [og] svo ofboðslega alein“ (26) í samræðum sínum við Bergþóru um Hrafn.³² Seinna komumst við að því að sambandslit þeirra eru fyrst og fremst á forsendum Hrafn og Eva getur lítið annað gert en að bíða eftir viðbrögðum frá honum.

Í fjórða kafla hvarflar að Evu að „leggjast á jörðina og öskra og grenja þar til [Hrafn] kæmi út og tæki hana í faðminn og kyssti, eða hún yrði sprautuð niður, fengi frið frá sjálfri sér“ (27). Eva fær ógeðistilfinningu fyrir íbúðinni og vill komast þaðan en hefur engan annan samastað og er því ekki einungis upp á karlmann komin andlega (Hrafn) heldur einnig líkamlega (Emil, eiganda íbúðarinnar). Eða eins og Steinar Bragi orðaði það sjálfur:

Einn daginn fór að sækja á mig mynd af konu sem leggur andlitið í vegg, fer svo gegnum hann. Í framhaldi fann ég til einhverrar skepnulegrar gleði við að pynta þessa konu, fór að tengjast betur kvenhataranum í mér og staðsetja þessa ímynduðu konu innan menningar sem beisikallí er stjórnað af karlmönnum, sem pynta á þennan sama hátt en án meðvitundar um að þeir geri slíkt, eða að slíkt sé skaðlegt þeim sjálfum og öllu samfélaginu – menn sem neyta aflsmunar, upphefja gildi „hins sterka“, eiginleika yfirgangs, áræðni og þors. Sem er skaðlegt öllum. Eins og dæmin sýna.³³

Þessi birtingarmynd af Evu sem ósjálfstæðri persónu er algengt stef í sögunni og speglast einna best í sambandi þeirra Hrafn, en sambandið einkennist af valdaójafnvægi þar sem hallar verulega á hana. Hrafn heldur henni í heljargreipum með samviskubit að vopni, en hann kennir henni um dauða barns þeirra með óbeinum hætti. Hann kennir henni

³¹ Lerner, G., *The Creation of Patriarchy*, 19.

³² Þetta samtal minnir óneitanlega á „Bechdel-prófið“ svokallaða þar sem sú krafa er gerð til kvikmyndar að hún innihaldi „(1) að minnsta kosti tvær konur (2) sem tala saman (3) um eitthvað annað en karlmann.“ (Sjá t.d. van Raalte, C., „No Small-Talk in Paradise: Why *Elysium* Fails the Bechdel-Test and Why We Should Care.”, *Media, Margins and Popular Culture*, ritstj. Thorsen E., Savigny H., Alexander J., Jackson D., London: Palgrave Macmillan, 2015, 3, sótt 20. júní 2019 af https://doi.org/10.1057/9781137512819_2). Þrátt fyrir að prófið hafi fyrst verið sett fram sem brandari í myndasögu hefur það hlotið stóran sess í feminískri umræðu um kvikmyndir og bókmenntir. Það er því áhugavert að skoða samtal Bergþóru og Evu í samhengi við prófið og um leið framsetningu þeirrar síðarnefndu sem kvenpersónu í sögunni.

³³ Steinar Bragi, „Að tengjast kvenhataranum í sér“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóv. 2008, 4, sótt 21. júní af <https://timarit.is/page/5235820?iabr=on>.

einnig um mikla drykkju og óreglu og gerir lítið úr listamannsferli hennar. Eva virðist því fórna sínum eigin persónuleika til að þóknast Hrafni:

Hann vildi vinna á Íslandi, ekki „til æviloka“ en í einhvern tíma; langaði að hitta vini og fjölskyldu, en líklega var aðalástæðan aldrei önnur en sú að hann vildi sýna litlu, óléttu konuna sína, sem var komin tvo mánuði á leið, og ala upp smábarnið „heima“ – sem stríðalinn íslenskur heimalningur hlaut hann enda að aðhyllast skoðunina um að leiðinlega, örugga Ísland væri „best fyrir börnin“, skoðun sem hún fyrirleit. Og hún vildi ekki eignast barnið, framan af. Þótt hún áltíð sig ekki of unga til að geta orðið góð móðir, eða efast lengur um að hún elskaði Hrafni, hafði hún ákveðið hvað hún vildi gera í lífinu og það sem hún vildi kallaði á margs konar fórnir, en ekki þær sem fólu í sér börn, þvotta, reglulega matseld og nær algera útrýmingu einkalífs foreldranna. Þau ræddu þetta í nokkrar vikur, en líklega var þetta aldrei nema sýndarmennska hjá henni – auðvitað eignaðist hún barnið, það yrði gott að vera mamma, hún hætti að drekka, gerðist hamingjusöm verðandi móðir [...]. (35-36)

Eva berst við togstreitu á milli þess að viðhalda persónuleika sínum eða uppfylla fyrrnefndar kröfur um kynhlutverk sitt. Í þau fáu skipti sem Evu er lýst án samhengis við Hrafni kemur í ljós að hún er frjálsslynd og listræn, og gefur lítið fyrir íhaldssamar hugmyndir um kynhlutverk og lífsstíl. Þetta kemur einna best í ljós í seinni hluta bókarinnar, þegar Eva lítur til baka og rifjar upp rifrildi þeirra á milli: „[Hún] sagðist alltaf hafa vitað að hann vildi undirgefna konu sem lifði ekki sjálfstæðu lífi, væri lítil og sæt og karakterlaus og liti upp til hans og svo framvegis [...]“ (135). Framkoma Hrafns hefur þau áhrif á Evu að tilfinningalíf hennar einkennist af þrá eftir því að losna úr þrisund kynhlutverksins en um leið vinna úr sambandi sínu við manninn sem hún elskar þrátt fyrir allt. Hrafni hefur hana þannig á valdi sínu; „það er alltaf strákur“.

Ein af birtingarmyndum kynferðisofbeldis er ofbeldi í nánnum samböndum.³⁴ Ofbeldi Hrafns gagnvart Evu einkennist af refsingu sem hann beitir gegn henni með þögn og fjarveru. Með fjarverunni og samskiptaleysinu nær Eva ekki að vinna úr tilfinningaflækjunni sem fylgdi sambandinu og barnsmissinum og er þannig refsað fyrir að hafa ekki uppfyllt kröfur Hrafns sem „undirgefin kona“.

Ef túlka má refsingu Hrafns sem birtingarmynd kynferðisofbeldis í nánnum sambandi er hægt að túlka „listaverkið“ sem refsingu af hendi feðraveldisins, eða samfélagsins í heild sinni, og um leið kynferðisofbeldis af hálfu þess gagnvart konum: „Bókmenntir hafa lengi – sama gildir raunar um kvikmyndir síðustu hundrað ár – stundað þá iðju að refsa kvenpersónum fyrir að storka „hefðbundnum“ kynjahlutverkum með kúgunum, ofbeldi

³⁴ Sjá t.d. skilgreiningu Stígamóta á vefsíðu Stígamóta: „Kynferðislegt ofbeldi“.

og jafnvel dauða.³⁵ Í ljósi þess að sagan er skrifuð í anda hrollvekjunnar er ekki úr vegi að skoða refsinguna út frá kenningum bandaríska bókmenntafræðingsins Carol Clover í bókinni *Men, Women and Chain Saws: Gender in the Modern Horror Film*.³⁶ Clover setur þar fram kenningu, sem vakti mikla athygli á sínum tíma, um það hvernig unglíngum, og þá sérstaklega kvenpersónum, er refsað fyrir að vera kynferðislega virk í þeim flokki hryllingsmynda sem ganga undir nafninu slægingarmyndir (e. slasher films).³⁷ Formúla þessara mynda gengur út á að fórnarlömbin eru drepin fyrir það eitt að stunda kynlíf eða eins og Clover orðar það: „Að drepa þá sem sækjast eftir óleyfilegum samförum eða hafa óleyfilegar samfarir er skylda sem einkennir slægingarmyndir.“³⁸

Í anda slægingarmyndarinnar er Evu refsað á sama hátt fyrir að vera kynferðislega virk. Eftir sambandslitin er mikil áhersla lögð á lýsingar á frjálslægri kynferðislegri virkni hennar sem um leið er stillt upp í andstöðu við hefðbundið kynjahlutverk konunnar. Þetta sést einna best þegar Eva kemst að því að Bergþóra tók þátt í undirbúningi og framkvæmd listaverksins og spyr hana af hverju hún hljóti þessi örlög:

Þú ert hérna [...] og verður hérna. Það er allt sem þú þarft að vita. Og það hefur ekkert verið gert við þig sem þú vildir ekki sjálf. Með því að brjóta reglurnar vissirðu að þér yrði refsað. [...] Af hverju ættirðu *ekki* að vera hérna? [...] Í geymslu, þar sem aðrir hafa frið fyrir þér. Þú ert lítil eigingjörn tík, löt stelputík sem hefur alltaf farið þínu fram án tillits til annarra. Gerir nákvæmlega það sem hentar þér, rekur litlu sóðapíkuna á þér framan í menn svo þeir haldi að þú elskir þá og svo gerirðu þá að fyrirvinnum og grefur undan þeim með frekjunni í þér svo þú getir haldið áfram að leika listamann. (151)

Bergþóra staðfestir hér af hverju Evu er refsað. Hún hefur ekki einungis stundað frjálslégt kynlíf heldur einnig myndað sér eigin skoðanir á því hvernig hún vilji haga sínu eigin lífi. Með „freakjunni í sér“ „brýtur“ hún þannig „reglurnar“ um það hvernig konur eigi að haga sér á undirgefinn hátt í feðraveldinu.

Af þeim dæmum sem Clover nefnir um refsingu í slægingarmyndum má nefna eitt, í þessu samhengi, sem á sér hliðstæðu í *Konum*:

³⁵ Kjartan Már Ómarsson, „Dansað á óplægðum akrinum. Tólf lík, níu staðir og í lokin eru allir glaðir.“, í *Ritið* 1/2019, 79-97, hér 80.

³⁶ Clover, C., *Men, Women and Chain Saws: Gender in the Modern Horror Film*, New Jersey: Princeton University Press, 1992.

³⁷ Hér verður stuðst við íslenska þýðingu Úlfhildar Dagsdóttur á fyrsta kafla bókarinnar, „Likami hennar, hann sjálfur“ (sjá Clover, C., „Karlar, konur og keðjusagir: Kyngervi í nútímahryllingsmyndum“, þýð. Úlfhildur Dagsdóttir, í *Áfangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003, 357-394.)

³⁸ Carol J. Clover, „Karlar, konur og keðjusagir: Kyngervi í nútímahryllingsmyndum“, 368.

Mynd Brian de Palma, *Dressed to Kill*, setur fram hið illræmda dæmi um kynferðislega þurfandi eiginkonuna sem sést fyrst fróa sér í morgunsturtunni á meðan kynningartitlarnir rúlla. Síðan lætur hún karlmann sem hún hittir á safni pikka sig upp, hefur samfarir við hann, fyrst í leigubíl og síðan í íbúð hans. Þegar hún yfirgefur íbúðina um kvöldið er skyndilega ráðist á hana og hún drepin í lyftunni. Orsakasambandið milli (bannaðs) kynlífs og dauða gæti varla verið dregið skýrari dráttum.³⁹

Hér má sjá eina af þeim speglunum sem Úlfhildur nefnir í bókadómi sínum því mjög svipuð atburðarás á sér stað í *Konum*: Eva fróar sér stuttu eftir að hún kemur í íbúðina, áður en henni er haldið fanginni þar. Seinna sefur hún hjá ókunnugum karlmönnum og að lokum er hún drepin. Refsingin verður enn augljósari þegar lesandinn kemst svo að því að Novak og teymið hans hefur fylgst með Evu allan tímann. Eva hefur því brugðist hlutverki sínu sem kona á mörgum sviðum; í sambandinu, í kynferðislegu samhengi og á vinnumarkaði. Refsingin felst í niðurlægingu og að lokum dauða.

Annað stef slægingarmyndanna sem á sér hliðstæðu í *Konum* er það sem Clover kallar „skelfilega staðinn“:

Eitt mikilvægt grunnatriði hrollvekjunnar er *skelfilegi staðurinn* en hann er yfirleitt hús eða göng þar sem fórnarlömbin enda fyrir eða síðar. [...] Óafvitandi ráfa fórnarlömbin inn í slík hús í mynd eftir mynd og hefðbundið hlutverk greinarinnar er að skrá í smáatriðum vaxandi skilning fórnarlambanna er þau skoða vitnisburðinn um þá glæpi og öfuguggahátt sem hafa farið þarna fram. Skilningur þeirra leiðir svo beint til þess að þau komast að raun um að þau eru sjálf í bráðri hættu. [...] Húsið eða göngin geta í fyrstu sýnst öruggt skjól en sömu veggirnir og lofa að halda morðingjanum úti verða fljótlega, um leið og morðinginn kemst inn fyrir þá, veggir sem halda fórnarlambinu inni. Senan þar sem fórnarlambið læsir sig inni (í húsi, herbergi, skáp, bíl) og bíður með hjartað í hálsinum eftir að morðinginn risti, höggvi eða bori sér leið inn hefur verið gríðarlega vinsæl í slægingarmyndum eftir 1974. Atburðarásin er yfirleitt séð frá sjónarhorni fórnarlambins; við störum á dyrnar (vegginn, bílpakið) og sjáum yfirborðið opnast, fyrst fyrir oddi og síðan skefti vopnsins. [...] Þessi sena er yfirleitt vendipunktur myndarinnar, þótt fórnarlambið hafi hingað til einungis flúið á það nú einskis annars úrkosti en að berjast á móti.⁴⁰

Rétt eins og fórnarlömb slægingarmyndarinnar fór Evu snemma að gruna að ekki væri allt með felldu í íbúðinni. En í ljósi þess að Novak og teymi hans höfðu fylgst með henni allan tímann var morðinginn í raun og veru kominn inn fyrir veggina frá upphafi og sýnir þannig fram á hvernig íbúðin, eða „skelfilegi staðurinn“, lokar Evu inni. Íbúðin, og um leið listaverkið, verður þannig táknræn fyrir stöðu kvenna í feðraveldinu. Þau eru undir stöðugu eftirliti karla (og kvenna sem aðhyllast hugmyndafræði feðraveldisins, samanber

³⁹ Carol J. Clover, „Karlar, konur og keðjusagir: Kyngervi í nútímahryllingsmyndum“, 368.

⁴⁰ Sama heimild, 365-366.

Bergþóru og Rannveigu) sem krefjast þess að konur fari eftir reglum þeirra og refsa þeim fyrir að óhlýðnast.

Íbúðin/listaverkið tákna einnig hlutgervingu kvenna sem má sjá í þeim senum þegar Eva sofna af gasinu og vaknar við það að hún hefur verið notuð, eins og um hlut væri að ræða, til að svala kynferðislegri þörf karlmannna. Hlutgervingin er svo fullkomnuð undir lok sögunnar þegar Eva sest við borðið, þar sem búið er að stilla upp stjörfum líkómum Marie og Grace, raðar í sig töflum og áttar sig á því að svona hefur þetta alltaf verið, baráttan er töpuð:

Hún hellti úr glasinu yfir borðið, taldi töflurnar og byrjaði að raða þeim upp í sig, gerði stutt hlé til að sækja vatnsglas til að koma töflunum betur ofan í sig og þegar hún settist aftur var eins og hún hefði aldrei setið neins staðar nema þarna, teygði höndina fram og lyfti að munnum eins og höndin væri ekki lengur hluti af henni, væri hluti af vél, armur tengdur við vél sem suðaði. (219)

Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvort pólitísk ádeila sé til staðar í bókinni eða ekki. En sé hún skoðuð með kynferðisofbeldi til hliðsjónar má sjá hvernig hún sýnir stöðu brotþola innan feðraveldisins frá hans sjónarhorni, í þessu tilvikinu Evu. Með augum Evu fær lesandinn að upplifa þá kerfisbundnu kúgun sem konur þurfa að ganga í gegnum í feðraveldi nútímans, kerfi sem „upphefur gildi „hins sterka“, eiginleika yfirgangs, áræðni og þors“ eins og Steinar Bragi nefndi sjálfur. Lesandinn finnur til með henni og finnur fyrir þeirri innilokunarkennd og vonlausri baráttu sem fylgir raunum hennar í gegnum söguna. Með því að setja lesandann í stöðu brotþola komast því skilaboðin um óréttlát, andstyggilegt og hryllilegt kerfi, sem enn er við lýði, til skila og vekja hann til umhugsunar.

Hvítfeld – fjölskyldusaga eftir Kristínu Eiríksdóttur

Annars konar sjónarhorn brotþola má finna í skáldsögunni *Hvítfeld – fjölskyldusaga* eftir Kristínu Eiríksdóttur, en hún er fyrsta skáldsaga rithöfundarins.⁴¹ Bókin fjallar um Jennu Hvítfeld, fráskilda konu á þrítugsaldri sem býr ásamt níu ára dóttur sinni í Texas. Jennu hefur almennt gengið mjög vel í lífinu; hún er fyrrum afrekskona í fimleikum, hefur náð frama í eðlisfræði og komist inn í eftirsótt geimfaranám. Þegar systir Jennu, Eufemía, lætur lífið snýr hún aftur heim til Íslands þar sem hún þarf að horfast í augu við fjölskyldu

⁴¹ Kristín Eiríksdóttir, *Hvítfeld – fjölskyldusaga*, 2012. Vísað verður til bókarinnar með blaðsíðutölum innan sviga í meginmáli.

sína sem hún flúði á sínum tíma, og um leið fortíðina sem varð eftir á Íslandi. Þegar heim er komið kemur sannleikurinn í ljós; Jenna hafði logið öllu saman um hagi sína. Við tekur uppgjör við fortíðina, lygnar, sjálfsmýndina og erfitt sambandið við fjölskylduna.

Foreldrar Jennu hafa ólíkan bakgrunn; Magnús faðir hennar er hæstaréttardómari af hinni virðulegu Hvítfeld-ætt en móðir hennar, Hulda, „kemur af nauðaómerkilegu fólki í Hafnarfirðinum“ (9). Jenna lýsir fjölskyldunni þegar hún rifjar upp flutninginn frá Íslandi: „Eftir á að hyggja finnst mér það hafa verið flótti en ég flúði ekki stríð, hungur eða skort á tækifærum, ekki ofbeldi eða dómsuppkvaðningu heldur ósköp venjulegu fjölskylduna mína í Vesturbænum. Úr fjarlægð virðist þessi fjölskylda nefnilega vera fremur heilsteypt“ (8). Þegar líður á bókina kemur hins vegar í ljós að fjölskyldan er langt frá því að vera heilsteypt, undir hvíta feldinum leynist eitthvað skítugt. Hver fjölskyldumeðlimur á flókna og erfiða fortíð að baki sem rifjuð er upp hjá hverjum og einum í innskotsköflum.

Erfitt er að greina fortíð Jennu enda lýgur hún hverri sögunni á fætur annari og gerir lesandann tortrygginn. Bókmenntafræðingurinn Hildur Ýr Ísberg lýsir sambandi Jennu við lesandann í bókadómi:

Jenna Hvítfeld er sögumaður í stærstum hluta þessarar bókar og talar í fyrstu persónu. Hjá henni fær lesandinn allar sínar upplýsingar um hana sjálfa og viðburðaríkt líf hennar og mikið af upplýsingum um aðrar persónur. Lesandinn heldur í fyrstu að hann geti treyst Jennu, vegna þess að hún viðurkennir fyrir honum að hún sé lygari, að hún ljúgi öllu að öllum. Þar með telur lesandinn að Jenna hafi hleypt sér á bak við tjöldin, hann sé trúnaðarvinur og geti treyst henni. Smátt og smátt kemst hann þó að því að þetta er ekki á rökum reist. Jennu er ekki treystandi og lesandinn verður virkur þátttakandi í lygum hennar með því að verða einn af þeim sem hún speglar sig í. Álit lesandans skiptir Jennu máli, það myndast því eins konar gagnvirkni í lestrinum, því Jenna gerir lesandann að fórnarlambi lyga sinna, hún sýnir honum hvernig hún blekkir aðra og blekkir hann um leið. Og þetta eru forsendur þess lygavefs sem sýndur er verða til í þessari sérkennilegu og frábæru bók Kristínar Eiríksdóttur.⁴²

Bókmenntafræðingurinn Guðrún Elsa Bragadóttir tekur undir orð Hildar í bókadómi þegar hún segir: „Bókin veltir [...] í raun upp grundvallarspurningum: Hversu mikið ljúgum við að sjálfum okkur á hverjum degi? Hvenær erum við að ljúga?“⁴³ Eins og Hildur og Guðrún benda á er lesandinn settur í þær aðstæður að hann veit ekki hvaða

⁴² Hildur Ýr Ísberg, „Heiðarleiki eftir hentugleikum“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2013, 132-135, hér 132.

⁴³ Guðrún Elsa Bragadóttir, „Svona er þetta bara“: Hvítfeld – fjölskyldusaga“, *Druslubækur og doðrantar*, 28. janúar 2013, sótt 12. maí 2020 af <http://bokvit.blogspot.com/2013/01/svona-er-etta-bara-hvitfeld.html>.

upplýsingum hann getur treyst. Kristín bendir þó á að þar með sé ekki sagt að sögurnar séu að öllu leyti tilbúningur:

Í hvert skipti sem við rifjum eitthvað upp þá breytist það smávegis. Litur sem maður sér meðan maður er að rifja eitthvað upp bætist inn í minninguna. Minnið er skáldskapur að mjög miklu leyti og ofsalega óáreiðanlegt. Miklu óáreiðanlegra en við gerum okkur grein fyrir. [...] Það er [þó] ofboðslega merkingarbært og segir ofsalega mikið. Goðsagan geymir svo rosalegan sannleika. Þegar saga er orðin margþvegin, tær, skýr og ofsalega langt frá sannleikanum, þá býr hún samt yfir mjög sannri sálfræði [viðkomandi aðila].⁴⁴

Ef lesandinn er settur í þau spor að vera trúnaðarvinur Jennu, eins og Hildur nefnir, er ekki úr vegi að skoða hvaða „liti“ Jenna sér í frásögn sinni, og hvað þeir segja til um þann veruleika sem hún hefur upplifað, með kynferðisofbeldi til hliðsjónar.

Í fyrstu lygasögu Jennu rifjar hún upp þegar hún hélt framhjá fyrsta eiginmanni sínum Ronald með hreingerningarmanni á heimili þeirra:

Hann reyndist ekki vera eins mikið grey og mér fannst við fyrstu sýn, heldur stundaði með mér ruddalegt kynlíf og virtist líta á mig sem hverja aðra ókeypiss mellu sem hann gæti sett í. Þetta kom mér í opna skjöldu. Af einhverjum ástæðum hafði ég búist við að hann væri þurfandi, yrði mér háður og að á endanum myndi ég neyðast til að særa hann. Ég gleymdi að gera ráð fyrir hatrinu. (12)

Þessi frásögn gefur smjörþefinn af samskiptum Jennu við karlmenn þar sem hún upplifir kynjahlutverk sitt sem óæðri; það er karlinn sem ræður.

Í annarri sögu fer hún að vinna við símvændi þar sem hún þjónustar karlmenn „við að fá það“ (69) og þaðan fer hún að vinna við gægjusýningar (e. peep show). Á sýningunum dansar hún fáklædd, og að lokum nakin, fyrir framan karlmenn sem stunda sjálfsfróun yfir sýningunni. Jenna rifjar upp starfið:

Þó svo að ég ynni ekki á bak við glerið nema í einn mánuð lærði ég heilmikið af því. Ég lærði að yfirgefa líkama minn, að stýra honum eins og leikstjóri og líta frekar á hann sem hlut heldur en *mig*. Líkaminn varð eins og undirmaður. Þetta hafði ekkert að gera með það hvernig mér leið, hvort ég væri ánægð eða fyndist ég vera kynþokkafull. Undirmaðurinn varð bara að sinna sínu starfi eins vel og hann gat. (76)

⁴⁴ Jón Bjarki Magnússon, „Fálmkennt að vera manneskja“, *DV*, 21. des. 2012, 42-44, sótt 12. maí 2020 af <https://timarit.is/page/6466727?iabr=on>.

Starfið virðist í fyrstu hafa lítil áhrif á Jennu þrátt fyrir að hún hafi upplifað sig sem hlut. Annað kemur þó í ljós seinna í sögunni þegar háskólakennarinn hennar segist hafa „séð hana“:

Það hafði snarrunnið af mér og kinnarnar loguðu, hjartað ólmaðist í brjóstinu þegar ég hálfhljóp heim. Ég var sannfærð um að prófessorinn hefði komið á klúbbinn um sumarið, hann hefði verið einn af mönnunum sem sátu bak við spegilinn. Kannski kom hann oft. Kannski var það hann sem bað um að ég væri með sleikjó eða sá sem keypti notaðar nærbuxur af mér á fimmtíu dollara. Ég kveikti ekki einu sinni ljós í íbúðinni, gekk bara beint inn í herbergi og lagðist á rúmið í öllum fötunum, hringaði mig saman og steinsofnaði. (82)

Hér má aftur sjá það valdaójafnvægi sem ríkir milli Jennu og karlmannna í hennar lífi, í þessu tilviki á milli kennara og nemanda, nema í þetta skipti eru áhrifin sem atvikið hefur á hana greinilegri.

Á öðrum stað í sögunni lýsir Jenna viðhorfi sínu til kynlífs:

Mig langar að fá mér herbergi á hóteli og drekka mig blindfulla, hitta einhvern mann, stunda kynlíf, borða djúpsteikta kjúklingavængi og franskar, fá mér í nös, drekka meira, hitta annan mann, einhvern reglulega ljótan, og stunda meira kynlíf. Andlitslaust, tilgangslaust, viðbjóðslegt kynlíf sem engum kemur við. Drekkja borða og ríða eins og lítið siðlaust dýr. (99)

Lýsingin er á svipuðum nótum og lýsingar og hegðun Evu í *Konum* þegar kemur að kynlífi og kynfrelsi. En á sama tíma gefur hún til kynna slæma reynslu Jennu af kynlífi, og að öllum líkindum, kynferðisofbeldi. Lýsingin bendir til þess að hún tengi kynlíf við niðurlægingu og er orðin samdauna þessari upplifun, og mjög svipað stef má einnig sjá í lýsingum Evu. Jenna staðfestir upplifunina þegar hún rifjar upp hjónaband sitt með seinni eiginmanni sínum, Don:

Ég pikkaði upp einhverja gaura á netinu og eftir á að hyggja hefði ég alveg eins getað rukkað fyrir skiptið. Allt sem ég kann hef ég úr klámiðnaðinum og þegar ég sef hjá kemur það persónu minni ekkert við. Hvort sem það er eiginmaðurinn minn eða einhver maður sem ég ætla aldrei að hitta aftur. Kynlíf hefur ekkert með ást að gera, ekki frekar en íþróttir, áfengi eða önnur áhugamál. Reyndar er versta *turn-off* sem ég get hugsað mér að vera með manni sem vill horfa í augun á mér í rúminu. Blíða á ekki heima í þessu samhengi. Í mínum huga er kynlíf ekkert annað en ruddaleg útrás, þykjusta, sem býr á afmörkuðu svæði lífsins og kemur engum við. (116)

Seinna í sögunni, eftir að Jenna er komin heim til Íslands, segir hún frá því þegar hún seldi sig á hóteli. Á nokkrum stöðum í sögunni hefur hún gefið það í skyn að hún

stundi vændi en þetta er það skýrasta. Þegar hún fer svo til sálfræðings opnar hún sig og viðurkennir, í síðasta af mörgum skiptum í sögunni, að hafa logið öllu:

Ég veit ekki hvernig ég get sagt sálfræðingnum að ég hafi aldrei selt mig. Stundum grunar mig að hún viti það en sagan er bara orðin svo þróuð. Ef ég bakka núna og segist hafa sofið hjá hverjum sem vildi og rúmlega það án þess að hafa þegið skilding fyrir er ég hrædd um að samúð hennar hverfi. Mig vantar þessa samúð svo sárlega og stundum þegar ég kem úr viðtölunum hjá henni trúi ég næstum sjálfri mér. Trúi að ég hafi gert þetta af neyð til þess að sjá fyrir barninu mínu. Þar að auki erum við alveg að koma að tímanum þar sem ég skyndilega er tilbúin að rifja upp misnotkun í æsku og brotna saman. Allt það. Þangað höfum við verið að vinna okkur rólega, held ég, án þess að vita til þess að ég hafi nokkurn tímann verið misnotuð. (249)

Þegar hér er komið sögu er traust lesandans til Jennu sem sögumanns löngu brostið og hún útskýrir fyrir honum lygina:

Fyrir utan yfirborðsleg samskipti við nágranna og vinnufélaga tengdist ég engum nema Jackie. Öll árin sem ég bjó í San Antonio forðaðist ég að stofna til kynna við fólk sem ég hitti [...]. Ef maður vill ekki upplifa sársauka er eins gott að aftengja sig öllu í umhverfinu. Sjá það eins og sketsa í sjónvarpi. Úlfarnir eru ekki raunverulegir og heldur ekki vinnufélagarnir eða það sem er á milli tannanna á þeim. Það er hægt að hleypa einhverjum alla leið inn í sig í líkamlegum skilningi en um leið horfa á hann úr lofti, skynja mennskuna, löngunina. Heyra andardráttinn þétt upp við eyrað en vera samt órafjarri. Sitja lengst uppi í stúku, borða poppkorn og glotta að mennskunni. Hvað hún er aum. Hvað hún er smá. (276)

Eftir að hafa lesið sögu Jennu situr lesandinn eftir og veit ekki hverju hann á að trúa. En sé litið á heildarmyndina blasir við vísbending um að Jenna hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi, vísbending sem er of sterk til hægt sé að hunsa hana. Í bæklingi Stígamóta um nauðganir kemur meðal annars fram að þegar konur verði fyrir nauðgun reyni þær að „meta aðstæður sínar og [...] velja þá leið til að lifa árásinu af, líkamlega og tilfinningalega, sem aðstæður og mat þeirra á þeim leyfir. Sumar konur loka sig tilfinningalega frá því sem er að gerast.“⁴⁵ Lýsingar Jennu á því hvernig hún yfirgefur líkama sinn við „kynlífsathafnir“ og tilfinningadeyfð hennar hvað þær varðar passa við lýsingu Stígamóta. Þegar Jenna segist ljúga sögunum má leiða að því líkur að hér sé um áfallastreituröskun að ræða að einhverju leyti, en nokkur af einkennum hennar eiga við um Jennu: „Vangeta til að rifja upp mikilvæga þætti áfallsins. [...] Upplifun á tengslaleysi

⁴⁵ Guðrún Jónsdóttir, „Um nauðganir“, vefútgáfa, sótt 4. maí 2020 af vefsíðu Stígamóta: https://www.stigamot.is/static/files/baeklingar/um_naudganir_vefutgafa.pdf.

eða aðskilnaði frá öðrum. [...] Skerðing á tilfinningasviði (t.d. vangeta til að upplifa ástríkar tilfinningar).“⁴⁶ Við þetta má bæta að

helstu eftirköst nauðgana sem konur glíma við eru brotin eða skert sjálfsmynd, sektarkennd, erfiðleikar í kynlífi og þunglyndi. Flestum konum sem er nauðgað finnst að nauðgunin spilli þeim, þær séu annars flokks, „skemmd vara“ eftir nauðgunina. Sjálfsmat þeirra og sjálfsmynd riðlast og traust þeirra á körlum bíður oft varanlegan hnekki.⁴⁷

Hér er ekki gerð tilraun til að ætla höfundu neina ákveðna merkingu hvað reynslu Jennu varðar. En í ljósi þeirra fjölmörgu dæma sem hafa verið útlistuð hér að ofan, og ótal birtingarmynda kynferðisofbeldis í sögunni, verður ekki hjá því komist að taka það til greina að með sögu Jennu, út frá hennar sjónarhorni sem líklegum brotþola, sé mögulega verið að segja sögu brotinnar manneskju sem orðið hefur fyrir kynferðisofbeldi. Þessi greining er fyrst og fremst byggð á þeirri stöðu sem lesandinn er settur í gagnvart Jennu og óáreiðanleika frásagnarinnar; sannleikanum er haldið frá honum og þær kröfur gerðar til hans að geta í eyðurnar. Lesandinn þarf að gera það upp við sig hvort Jenna sé að segja satt eftir allt saman en haldi því fram að hún sé að ljúga vegna þess að hún skammast sín fyrir fortíð sína. Í sögunum leynist þannig ákall um hjálp. Annar möguleiki er sá að sannleikurinn liggja einhvers staðar á milli hluta, að í sögunum leynist sannleikskorn að einhverju, en þó óljósu leyti. En þegar allt kemur til alls er það undir lesandanum komið hvaða merkingu hann leggur í sögu Jennu.⁴⁸

Hvítfeld er ekki einungis saga Jennu enda er undirtitill hennar „Fjölskyldusaga“. Fjölskyldusagan, sem einnig er sögð frá hennar sjónarhorni, sýnir hvernig allir meðlimir fjölskyldunnar hafa reynslu af kynferðisofbeldi: Hulda var kynferðislega áreitt sem barn og seinna nauðgað af kennaranum sínum, Magnús varð vitni að því þegar Hulda var kynferðislega áreitt og Eufemíu var nauðgað á barnsaldri. Guðrún Elsa bendir í þessu sambandi á að það sé einmitt þetta sem geri söguna áhrifamikla og eftirminnilega:

⁴⁶ Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli*, 263.

⁴⁷ „Um nauðganir“, 23.

⁴⁸ Í þessu samhengi má nefna að einungis 1-2% þeirra mála sem berast til Neyðarmóttöku vegna nauðgana í Fossvogi eru byggðar á fölskum grunni, sem samsvarar um einu máli á ári. „Samkvæmt erlendum rannsóknnum er innan við tvö prósent allra nauðgunarkæra á röngum rökum reistar, eða sama hlutfall og í öðrum glæpaflokkum. Í tilfellum þar sem fallið er frá kærnu er alls ekki þar með sagt að sá sem lagði kærnu fram hafi verið að ljúga. [...] Í sumum tilfellum er brotþolanum ráðlagt að endurskoða afstöðu sína með tilliti til skorts á sönnunargögnum eða öðrum aðstæðum sem torvelda sókn kærnumálsins. Í langflestum tilfellum er þó hætt við kærnu vegna þess að sönnunargögn þykja einfaldlega ekki næg til grundvallar málshöfðun.“ (Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli*, 119).

Fyrirferðamestu persónur sögunnar eru konur og verkið er afar feminískt. [...] Áföllin sem þessar aðalpersónur verða fyrir tengjast gjarnan kynferði þeirra og feðraveldið verður á köflum næstum áþreifanlegt. Það bitnar þó ekki aðeins á kvenpersónum, heldur einnig þeim karlpersónum sem fúnkera illa innan samfélags þar sem ósanngjarnar kröfur eru gerðar til þeirra, eins og til dæmis þær að þegja yfir ofbeldi [...].⁴⁹

Í *Hvítfeld* geta allir orðið fyrir kynferðisofbeldi og enginn er óhultur, eða eins og sálfræðingur Jennu kemst að orði þegar hún spyr hana hvers vegna hún sé svona: „Frumur [...], í hvert skipti sem við kyngjum skömm lendir hún í hausnum á afkomanda.“⁵⁰ Eftir situr lesandinn með spurninguna: Er þetta sá veruleiki sem fylgir kynferðisofbeldi?

⁴⁹ Guðrún Elsa Bragadóttir, „Svona er þetta bara“: *Hvítfeld* – fjölskyldusaga.“

⁵⁰ Kristín Eiríksdóttir, *Hvítfeld*, 265.

3 Sjónarhorn vitnis

Drápa eftir Gerði Kristnýju

Ljóðabókin *Drápa*⁵¹ eftir Gerði Kristnýju hefur þá sérstöðu gagnvart þeim bókum sem hingað til hafa verið teknar fyrir að hún byggir á sannsögulegum atburðum. Á blaðamannsárum sínum tók Gerður gjarnan viðtöl við brotapolu kynferðisofbeldis og var ekki lengi að rugga bátnum þegar kom að þessari samfélagsumræðu, sem á þeim tíma kraumaði undir yfirborðinu.⁵² Til marks um stöðu þessarar umræðu á sínum tíma, og um leið þróun hennar, má nefna að Gerður var kærð til Siðanefndar Blaðamannafélags Íslands árið 2003 fyrir að birta grein eftir brotapolu kynferðisofbeldis, en hlaut hins vegar Blaðamannaverðlaun ársins 2006 frá sömu samtökum fyrir umfjöllun um svipað málefni.⁵³ Gerður hefur ekki einungis fjallað um kynferðisofbeldi í fjölmiðlum heldur einnig í ævisögunni *Myndin af pabba: Saga Thelmu*⁵⁴ og ljóðabókunum *Blóðhófnir*⁵⁵, *Sálumessa*⁵⁶ ásamt fyrrnefndri *Drápu*.

Í upphafi *Drápu* er dregin upp sviðsmynd sem Íslendingar þekkja vel. Við erum stödd í Reykjavík að vetrarlagi:

Það var vetur
kuldinn lagði
lófa yfir heiminn

Skýin héngu grá
eins og dúfurnar
fiðraðar ufsagrýlur
sem sváfu
undir þakskeggjum (9-10)

Sögumaðurinn, sem talar yfirleitt í þriðju persónu, kynnir sig til leiks í hundslíki:

Ég leið um
í líki hunds

Golan strauk
snöggan feld
hvíldi hönd
á kolli mínum

⁵¹ Vísað verður í ljóðið með blaðsíðutölum innan sviga í meginmáli.

⁵² Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina – Ofbeldi, ábyrgð og femínísk fagurfræði í *Drápu* eftir Gerði Kristnýju.“ *Ritið*: 3/2018, 17-43.

⁵³ Sama heimild.

⁵⁴ Gerður Kristný, *Myndin af pabba: Saga Thelmu*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 2005.

⁵⁵ Gerður Kristný, *Blóðhófnir*, Reykjavík: Mál og menning, 2010.

⁵⁶ Gerður Kristný, *Sálumessa*, Reykjavík: Mál og menning, 2018.

Kettir hurfu
inn í runna
hentust bak við
tunnur (11)

Sögumaðurinn er dularfullur og eins og sjá má á viðbrögðum kattanna er hann ógnandi; innkoma hans virðist boða eitthvað illt. Í næsta erindi er grunur lesandans svo staðfestur:

Krossinn
á kirkjuturninum
náði ekki að
rjúfa myrkrið
sem grúfði
yfir húsunum (12)

Hér er ekki einungis um myrkraveru að ræða heldur andkristna í þokkabót. Eftir þessa kynningu á sögumanni er skerpt á sviðsmyndinni og áhersla lögð á þær aðstæður sem lesandinn hefur komið sér út í:

Bandóðir vindar
sátu um bæinn
sendu hryðjur
ofan í miðja byggð

Vetrarstríðið
var hafið

Borgarbúar
hlupu í skjól (14)

Þessi erindi gefa tóninn fyrir það vonleysi sem einkennir ljóðið. Þó sviðsmyndin sé í anda norrænu glæpasögunnar þjónar hún ekki einungis þeim tilgangi að varpa fram norrænum aðstæðum í bókstaflegri merkingu; í samhengi ljóðsins er ekki fjarri lagi að túlka hana sem lýsingu á þeim veruleika sem brotáþolar kynferðisofbeldis búa við:

Veturinn tekur
aldrei fanga

Hann leiðir fólk
fyrir næsta horn
þar sem skothríðin bíður (15)

Hér myndast hugrenningatengsl milli sögumannsins (myrkurs) og veturs (kulda); rétt eins og kuldinn er óumflýjanlegur í norrænum aðstæðum eru kynferðisbrot um leið

óumflýjanleg og enginn er óhultur (hundurinn mætir á svæðið / vetrarstríðið hefst og kettirnir fela sig / borgarbúar hlaupa í skjól). Aðalpersóna ljóðsins er kynnt til sögunnar þegar sögumaður vekur hana með hvísli eftir að kvíðinn hafði laumast í drauma hennar. Hún vaknar og fer út:

Þú hallaðir
aftur höfði
greipst snjókornin
með tungunni

Við Stjörnuvíó
voru þau
sölt og brakandi

Hjá hannyrðabúðinni
stingandi hvöss (18)

Aðalpersónan er saklaus en um leið finnur hún á sér að eitthvað er í aðsigi. Vonarneisti kviknar:

Svo sigldu skýin burt
hurfu út á himindjúpið

Norðurljósín
skriðu fram
sveifluðu hölum
um hvolfið
með gneistum (19)

en á honum slokknar jafnhvatt og hann birtist:

Myrkusinn
var kominn
í bæinn

steypti yfir þig
þéttriðnu tjaldí (20)

Hópur manna (myrkusinn) ræðst á aðalpersónuna, beitir hana harkalegu ofbeldi og festir í klóm myrkursins (þéttriðnu tjaldinu).⁵⁷ Í lýsingum á ofbeldisverkinu eru mennirnir nefndir trúðar og þannig dregin upp sú tvíræða mynd af þeim að þeir séu hlægilegir en um leið ógnandi. Trúðar hafa það sérkennilega einkenni að þeim er ætlað að vekja kátínu

⁵⁷ Í ofbeldislýsingunni er bætt við þessa myndhverfingu þegar trúðarnir troða henni ofan í kistu.

meðal barna en hafa oftast en ekki þveröfug áhrif. Mörgum þykir útlitseinkenni þeirra hrollvekjandi en talið er að 7.8% Bandaríkjamanna þjáist af Coulrophobiu (ísl. hræðsla við trúða).⁵⁸ Trúðar hafa einnig gegnt hlutverki í hrollvekjum, en af þekktum dæmum má nefna skáldsöguna *It* eftir Stephen King og samnefndar kvikmyndir sem byggðar eru á bókinni. Í ofbeldislýsingunni kemur fram að trúðarnir séu með hvassar tennur, rétt eins og trúðurinn í *It*, og bendir þannig til tengingar við þennan þekktasta trúð hrollvekjunnar. Gerður hefur lýst því yfir að trúðarnir gegni hlutverki ógnandi illvirkja í ljóðinu: „Myrkusinn tengist reykvísku næturlífi. Stelpum sem eru að fara út á lífið er oft sagt að vara sig á vondu körlunum en þeir eru ekki endilega auðþekkjanlegir. Þeir sem virðast gleðigjafar eru það oft ekki og skemmtanalífið getur snúist upp í andhverfu sína.”⁵⁹ Gerður gefur hér til kynna að trúðarnir tákni dulrænt eðli kynferðisofbeldis. Ofbeldismenn bera það ekki utan á sér að þeir séu líklegir til að beita ofbeldi. Þeir geta verið „gleðigjafar“ á fönnum vegi, eins og Gerður nefnir, eða nánir aðstandendur eins og á við um tilvik Grétu.⁶⁰ Þetta stef um dulrænt eðli kynferðisofbeldis birtist aftur í lok ljóðsins eins og seinna mun koma fram.

Eftir ítarlega lýsingu á ódæði manna kviknar vonarneistinn aftur:

Þá birtist
boxarinn

brá upp hnefunum

ólum úlfum
sem rifu í sig
hvað sem fyrir varð

Dýr
alin til dráps (28)

Boxarinn kemur henni til bjargar og hún stígur upp úr kistunni. Hann býður henni heim og hún getur „ekki annað en elt“ (31). En bjargvætturinn er ekki allur þar sem hann er séður.⁶¹

⁵⁸ Burke, M., „Understanding Coulrophobia: A Fear of Clowns“, sótt 12. apríl 2020 af <https://www.healthline.com/health/mental-health/fear-of-clowns>.

⁵⁹ Friðrika Benónýsdóttir, „Myrkusinn kemur í bæinn“, *Fréttablaðið*, 25. okt. 2014, 38.

⁶⁰ Í raun eru gerendur kynferðisofbeldis í langflestum tilvikum nánir aðstandendur. Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta frá 2008 átti um 77% alls kynferðisofbeldis, hér á landi, sér stað innan veggja heimilanna. Árið 2018 var staðan svipuð, eða 78,2% („Ársskýrsla Stígamóta“, 2008, 34 og „Ársskýrsla Stígamóta“, 2018, 38).

⁶¹ Lesandinn fær vísbendingu um eðli boxarans um leið og hann kemur til bjargar, í línunni „Dýr alin til dráps“. Hér er verið að lýsa átökum Boxarans við mennina og ekki er gerður greinarmunur á því hvort um sé að ræða hann eða þá; þeir eru allir dýr með drápeðli.

Myrkrið kvíslaðist
í konu og mann (32)

Eftir þessa senu er lesandanum ljóst hversu vanmáttug aðalpersónan er gagnvart boxaranum; hún hefur gengist honum á vald og myrkrið læðist yfir hana.

Í næstu senu tekur hús Boxarans við hlutverki tjaldsins og kistunnar og sver sig þannig í ætt við „skelfilega staðinn“ í grein Carol Clover.⁶² Aðalpersónan er fangi myrkursins en heldur þó enn í vonina:

Þú leist út
í leit að
norðurljósum
en þau voru
hulin skýjum (35)

Í heljargreipum gerandans er von brotapolans veikur neisti eins og lesandinn fær að kynnast aftur:

Þú veittir því
ekki athygli
fyrir en of seint
að húsið sökk

Vatnið ýrðist
milli fjala
fossaði inn
um glugga

Þú greipst
í boxarann
hönd þín
lauf í lófa hans

Þú lærðir
að streitast ekki
á móti (38-39)

Héðan verður ekki aftur snúið:

⁶² Alda Björk og Guðni benda einnig á þessa tengingu en nefna kenninguna að vísu „Vonda staðinn“ (sjá Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina.“, 28).

Þú gekkst
í myrkusinn (47)

Þetta hlaut
að fara
illa

Hlaut (49)

Þegar líður á ljóðið minnir sögumaðurinn á sig aftur, þrátt fyrir að hafa verið til staðar allan tímann:

Mín er borgin
myrk sem blý

Líð að ljósi
í risi hússins

Ég stíg
upp úr vatninu
vind mér inn (53-55)

Hér kemur sögumaðurinn að aðalpersónunni látinni: „Brostin augun kringd bláu mari“ (57). Boxarinn hefur myrt hana og sögumaðurinn tekur við henni:

sleiki út
slokknaðar stjörnur
botnlaus svarthol
blasa við (60)

Undir lok ljóðsins fær Boxarinn svo einnig að kenna á „[þráðum] örlaganorna“ (56) þegar „Gestur birtist / í hálfsocknu húsinu“ (73) og stingur hann til bana. Ljóðið endar á þeim skilaboðum frá sögumanninum að þrátt fyrir að „Myrkustjaldið“ (76) sé fallið og hann láti sig hverfa í bili muni hann snúa aftur; kynferðisofbeldi er til staðar og verður áfram til staðar í eilífri hringrás.

Drápa er byggð á sögu Grétu Birgisdóttur, en hún var myrt af eiginmanni sínum Braga Ólafssyni sunnudaginn 10. janúar 1988.⁶³ Samkvæmt frásögn Braga höfðu hjónin setið að sumbli dagana á undan og hann sofnað seint á sunnudagsmorgni. Stuttu eftir að hann vaknaði kom hann að Grétu þar sem hún hékk látin í köðlum. Bragi var margsaga í

⁶³ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina.“ Setja blaðsíðutal – eða sleppa þessari tilvísun, hún er í raun ekki nauðsynleg því þetta er staðreynd sem víða hefur komið fram.

yfirheyrslum og bar við minnisleysi vegna áfengisdrykkju. Hann hélt því meðal annars fram að Gréta hefði nefnt sjálfsvíg og hefði verið í ójafnvægi dagana fyrir andlátíð. Seinna viðurkenndi hann að hafa myrt Grétu eftir átök og bar við sjálfsvörn: „Í lögregluskýrslu frá 25. janúar segir hann Grétu hafa „gert sig líklega til að klóra sig” og að hún hafi „ráðist að sér” og þá hafi hann vafið handfylli af böndunum úr dyrahenginu um höfuð konu sinnar og háls [...]”⁶⁴ Bragi var að lokum dæmdur til 10 ára fangelsisvistar í tveimur dómsúrskurðum.

Ekki verður hjá því komist að greina og túlka *Drápu* án þess að hafa sögu Grétu til hliðsjónar. Með *Drápu*, rétt eins og hún gerði sem blaðamaður, gerir Gerður ekki einungis tilraun til að vekja athygli á því samfélagsmeini sem kynferðisofbeldi er í raun og veru, heldur einnig segja sögu þeirra aðila sem yfirleitt verða undir í frásögnum af kynferðisofbeldi, þ.e. brotaþola. Um bókina segir Gerður:

Þetta er samtímaljóð um efni sem mér lá á hjarta. Í raun og veru eru þetta glæpaljóð. Eftir bylgju norræna glæpasagna hlýtur að vera kominn tími á norræna glæpaljóðið. [...] Þegar ég var blaðamaður skrifaði ég nokkrar greinar um ungar konur sem höfðu orðið fyrir ógæfu. Fæstar höfðu lifað hana af. Ég bjóst við því að þessar sögur myndu gleymast mér með tímanum en það gerðu þær ekki. Eftir því sem árin liðu fóru sögurnar að leita æ meira á mig og mér fannst konurnar eiga það skilið að ég flytti þeim drápu eins og skáld gerðu fyrir norska konunga hér áður fyrir.⁶⁵

Bókmenntafræðingarnir Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson túlka þessi orð Gerðar þannig að í þeim „birtist sá vandi sem skáldið stendur frammi fyrir þegar það ákveður að yrkja glæpaljóð. Í öllum frásögnum um morð býr sú hættu að ofbeldið sé miklað og að um leið verði lýsingin á kostnað fórnarlambins og bæti með því móti gráu ofan á svart ef um sannsögulega atburði sé að ræða.”⁶⁶ „Sú hættu“ að „lýsingin [verði] á kostnað fórnarlambins“ er svo sannarlega til staðar í *Drápu* þegar litið er til þeirrar staðreyndar að Gerður tók viðtal við Braga árið 1998, meðal annars um morðið á Grétu.⁶⁷ Gerður hefur því staðið frammi fyrir þeirri áskorun við gerð bókarinnar að segja sögu þeirra hjóna án þess að hún halli á Grétu. En hvernig fer rithöfundur að því að miðla slíkri sögu, með því markmiði að segja sögu brotaþola, þegar gerandinn er einn til frásagnar?

Í viðtali Gerðar við Braga reynir hann að mála sig upp sem fórnarlamb þrátt fyrir að hafa verið dæmdur fyrir morðið og setið af sér fangelsisdóm. Hann rígheldur í

⁶⁴ Sama heimild, 22.

⁶⁵ Friðrika Benónýsdóttir, „Myrkusinn kemur í bæinn“, 38.

⁶⁶ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 18.

⁶⁷ Gerður Kristný, „Sé eftir að hafa fæðst!“, *Séð og heyrt*, 10/1998, 13-14.

upphaflegu sjálfsvígsfrásögnina og heldur því fram að handtökuna og sakfellinguna megi rekja til samsæris lögreglunnar gegn sér.⁶⁸ Hann leggur um leið meiri áherslu á að lýsa ást sinni á Grétu en að ræða dauða hennar, og segir frá því hvernig hann býður „henni góðan daginn á hverjum morgni og góða nótt á kvöldin“ á meðan hann skoðar mynd af henni.⁶⁹ Alda Björk og Guðni benda á að „í viðtalinu skilgreinir Bragi sig sem riddarann á hvíta hestinum sem kom stúlkunni til bjargar þegar þau hittust fyrst.“⁷⁰ Þarna vísa þau í frásögn Braga af því þegar þau Gréta kynntust, en hann segist hafa bjargað henni úr klóm drengja sem voru að áreita hana og bætir við þeirri kaldhæðnislegu yfirlýsingu að „[honum finnist] voðalegt að karlmenn ráðist á konur.“⁷¹ Gerður Kristný lýsir þessum kynnum í *Drápu* þegar Myrkusinn (drengirnir) ráðast á Grétu og boxarinn⁷² (Bragi) kemur til bjargar.⁷³ Hér kveður við þekkt stef í bókmenntatextum þar sem „prinsinn bjargar prinsessunni“, enda er hún ósjálfbjarga og honum háð: „Boxarinn / bauð þér heim / Þú gast ekki / annað en elt“ (31). Alda Björk og Guðni benda þó á að Gerður Kristný bjóði Braga ekki upp á hetjuhlutverk ljóðsins. Í samræðum þeirra við Gerði Kristnýju rifjar hún upp setningu eftir hann sem hún birti hvorki í ljóðinu né viðtalinu: „Ég bjargaði henni margsinnis vísvitandi, en drap hana óvart.“⁷⁴ Sú staðreynd að Gerður Kristný heldur setningunni utan ljóðsins gefur skýrari mynd af frásagnarhætti þess út frá sjónarhorni vitnis: „Með því að hleypa [setningunni] að í ljóðinu hefði verið hætta á því að morðinginn tæki yfir frásögnina og sjálfsréttlætningar hans slægju lesandann óþarfa blindu. Það er líklega ástæða þess að Gerður Kristný heldur skýringum Braga utan ljóðsins og styðst fremur við sjónarhorn utanaðkomandi ljóðmælanda sem ber öllu þögult vitni.“⁷⁵

⁶⁸ Sama heimild, 23.

⁶⁹ Sama heimild, 24.

⁷⁰ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 25.

⁷¹ Gerður Kristný, „Sé eftir að hafa fæðst!“, 14. Við þetta má bæta að Bragi var 42 ára og Gréta 17 ára þegar atvikið átti sér stað. Aldursmunurinn undirstrikar valdaójafnvægið þeirra á milli.

⁷² Í viðtalinu kemur fram að Bragi stundaði box á yngri árum (sjá í Gerður Kristný, „Sé eftir að hafa fæðst!“, 14). Þess má geta að samband Braga (eldri boxari) við Grétu (mun yngri kona) á sér hliðstæðu í persónunum Butch Coolidge (Bruce Willis) og Fabienne (Maria de Medeiros) í kvikmyndinni *Pulp Fiction* (1994) eftir Quentin Tarantino. Töluverður aldursmunur er á parinu en Butch er nýbúinn að leggja hanskana á hilluna og beitir Fabienne andlegu og líkamlegu ofbeldi. Hér er auðvitað um tilviljun að ræða en hliðstæðan er engu að síður áhugavert dæmi um hlutverk skáldskapar þegar kemur að því að endurspegla raunveruleikann.

⁷³ Sjá nánari greiningu í Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 25.

⁷⁴ Sama heimild, 26.

⁷⁵ Sama heimild, 26.

Sjónarhorn vitnisins er ekki eina einkenni frásagnarramma ljóðsins. Ljóðið er meðal annars samið í anda hinna fornu drápa og morð-ballaða, „skáldskap[ur] sem snýst um aðdragandann að ægilegu morði og svo eftirköstin, fangelsun brotamannsins og dóm.“⁷⁶ En eins og áður hefur komið fram lítur Gerður Kristný á ljóðið sem nokkurs konar tilbrigði við norrænu glæpasöguna, bókmenntagrein sem meðal annars „einkennist af ríku „samfélagslegu innsæi“⁷⁷ og hentar því markmiði Gerðar Kristnýjar að „særa fram svipi liðinna kvenna sem áttu sér fáa eða enga málsvara, sem gátu aldrei búist við því að saga þeirra yrði færð til bókar.“⁷⁸ Gerður Kristný notast einnig við stef úr hryllingssögum (eins og sjá má á húsínu „þar sem Gréta er myrt“ og „tekur á sig nánast yfirnáttúrulega mynd í ljóðinu“⁷⁹) og fantasíu.⁸⁰ En hvert er þetta þögla vitni sem á að miðla samfélagsgagnrýni með aðferðum norrænu glæpasagnanna og um leið segja sögu hinna kúguðu brotaþola?

Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson halda því fram að sögumaður *Drápu* sé djöfullinn sjálfur þar sem „ljóðið snýst [meðal annars] um kosmísk átök góðs og ills á yfirnáttúrulegu plani.“⁸¹ Djöfullinn tekur sér ýmsar birtingarmyndir og fylgist „náíð með kvenhetjunni, stundum sem⁸² „hundur/bundinn við bekk/stundum maður/með hófa/og hatt sem slútir/ofan í þrútið andlit“ (44). Hann tekur ekki þátt í atburðarásinni því „hann er fyrst og fremst þögult vitni sem getur smeygt sér inn um glugga á litlu risi, eins og hann gerir á ögurstundu rétt eftir að Gréta hefur verið myrt og boxarinn drepist áfengisdauða í fleti sínu.“⁸³

Boxarinn
sefur svefni
hinna ranglátu

djúpum
og draumlausum

Ég lýt niður að þér
svo varir mínar
nema við þínar (58-59)

⁷⁶ Sama heimild, 27.

⁷⁷ Sama heimild, 27.

⁷⁸ Sama heimild, 50.

⁷⁹ Sama heimild, 28.

⁸⁰ Sjá samlíkingu við söguna um Hans og Grétu í sömu heimild, 30.

⁸¹ Sama heimild, 30.

⁸² Sama heimild, 30.

⁸³ Sama heimild, 33.

Bragi Ólafsson er eina vitnið að þeim atburði sem átti sér stað þann 10. janúar 1988, en öfugt við lesendur dagblaðanna, sem eflaust drógu sínar ályktanir af fréttáflutningi og dómsmálum, hefur lesandi *Drápu* sitt eigið vitni. En er djöfullinn sjálfur áreiðanlegt vitni? „Hvað sér [hann] þegar hann starir í augu Grétu? Getur hann miðlað til lesandans einhverri niðurstöðu eða skilningi á hlutskipti mannsins, einhverri von? Eða er hann rétt eins og lesendur ljóðsins blindaður af sínu eigin syndafalli?“⁸⁴

Til að mynda túlkunarramma utan um ljóðið og djöfulinn leggja Alda Björk og Guðni til kenningar Joel Blacks um „fagurfræðina sem býr að baki listrænum frásögnum um morð“⁸⁵:

Bókmenntum sem snúast um fagurfræðilega formgerð morðsins má samkvæmt Black skipta í fjórar undirgreinar (e. genre) sem stýrast af því hvar sjónarhorn frásagnarinnar liggur, hvort það sé hjá fórnarlambinu, rannsóknar-lögreglumanninum, morðingjanum eða vitninu. Fyrsta sjónarhorninu eru gjarnan gerð skil í spennutryllum (e. suspense thriller) en þeir leggja áherslu á að miðla tryllingslegum ótta fórnarlambins og baráttu þess við að halda lífi við skelfilegar aðstæður. Sjónarhorn rannsóknarlögreglumannsins tilheyrir glæpasögunni eða morðgátunni (e. detective story/murder mystery), en þar er hin ráðandi tilfinning ekki skelfing eða ótti, heldur er lesandanum eða áhorfandanum boðið að hrifast af rökfestu og greiningargetu söguhetjunnar. [...] Þessu er að mati Black öfugt farið með hinar greinarnar tvær, [sjónarhorn morðingjans og sjónarhorn vitnisins]. [...] Frásagnir þar sem sjónarhorn morðingjans er ráðandi [...] er þekkt viðfangsefni í ýmsum nafnkunnustu sálfræðidrömum heimsbókmenntanna, eins konar iðrunarfrásögnum (e. psychological confession), en Black nefnir sem dæmi leikritið *Makbeð* eftir William Shakespeare, þar sem glæpir og illvirki *Makbeð*-hjónanna setjast fyrir í sál þeirra með eftirminnilegum hætti [...]. Síðasta sjónarhornið tilheyrir sjónarvottinum, eða hinum hlutlausa áhorfanda (e. bystander), en Black segir sjónarvottinn í senn berskjaldaðan og friðhelgan, um leið og hann ber eyðileggingu morðingjans vitni.⁸⁶

Um leið og Alda Björk og Guðni viðurkenna að þessi skilgreining Blacks sé að vissu leyti einföldun benda þau á að „hún [geti] opnað okkur leið til þess að skilja gagnvirkt sambandið á milli undirgreinanna fjögurra og um leið vakið upp forvitnilegar spurningar um sjónarhornið í *Drápu* Gerðar Kristnýjar“⁸⁷:

Þegar *Drápa* er skoðuð gefur auga leið að þótt samúð höfundarins sé með fórnarlambinu og ljóðið sé beinlínis ort til þess að rétta hlut Grétu væri það vandkvæðum bundið að miðla ótta hennar og skelfingu á augnabliki dauðans og hætt við að hin feminíska fagurfræði verksins færi fyrir lítið ef Gerður nýtti sér sjónarhorn tryllisins. Að sama skapi er verkið ekki ráðgáta sem kallar á greiningargetu rannsóknarlögreglumannsins. Það liggur frá upphafi fyrir að boxarinn er sá seki, hann gekkst við glæpnum, þótt hann reyndi síðar að firra sig ábyrgð og héldi því

⁸⁴ Sama heimild, 34.

⁸⁵ Sama heimild, 34.

⁸⁶ Sama heimild, 35.

⁸⁷ Sama heimild, 36.

fram að Gréta hefði stýtt sér aldur. Sú staðreynd útilokar svo iðrunarfrásögnina og möguleikann á því að færa fókusinn með einhverjum hætti á morðingjann.⁸⁸

Þau komast þannig að þeirri niðurstöðu að ekkert stendur eftir af skilgreiningum Blacks nema sjónarhorn vitnisins („fagurfræði morðsins“).⁸⁹ Í þessu felst að djöfullinn gegnir því hlutverki að fylgjast með kynferðisofbeldinu, án þess að aðhafast neitt, en veltir upp spurningum varðandi sálarlíf brotþolans: „En þrátt fyrir að djöfullinn hafi í verki Gerðar, rétt eins og höfundurinn, aðgang að krufningarskýrslum er hann engu nær um hvers konar ályktanir hann geti dregið af dauða hennar um eðli mannlegrar tilvistar.“⁹⁰ Alda Björk og Guðni fara ekki nánar í greiningu sína á djöflinum en á honum má finna fleiri hliðar. Skilningsleysi djöfulsins á sálarlífi Grétu og upplifun hennar sem brotþola kynferðisofbeldis getur táknað skilningsleysi allra sem ekki hafa orðið fyrir því:

Ég veit
hvað höfuð þitt vó
en þekki ekki
síðustu hugsunina
sem barðist þar um
eða hverjum hún var ætluð (62)

Djöfullinn sýnir þarna fram á að hann hefur að einhverju leyti samúð með Grétu og einnig þörf fyrir að vita hvað átti sér stað þennan örlagaríka sunnudag árið 1988. Í tilviki Gerðar Kristnýjar sjálftrar er ekki ólíklegt að þessi þörf sé sterk hjá henni sjálfri eftir að hafa tekið viðtal við morðingjann en ekki Grétu.

Annað hlutverk djöfulsins sem birtist hér og þar í ljóðinu, á misaugljósan hátt, er að benda á þöggun og aðgerðarleysi samfélagsins þegar kemur að kynferðisofbeldi.⁹¹ Í erindinu þar sem hann „syndir um sokkinn bæ og sveigir hjá fljótandi köttum“ (53) má sjá hvernig hann leiðir hjá sér brotþola í ólgusjó kynferðisofbeldis.⁹² Fljótlega kemur þó tvírætt tákni hans, um samúð og aðgerðarleysi í senn, í ljós þegar hann kíkir eftir Grétu upp úr myrkrinu:

⁸⁸ Sama heimild, 37.

⁸⁹ Sama heimild, 37.

⁹⁰ Sama heimild, 37.

⁹¹ Til marks um aðgerðarleysi samfélagsins má benda á þá staðreynd að 71% allra kynferðisbrotamála sem bárust ríkissaksóknara á árunum 2003-2006 voru felld niður (Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, 124).

⁹² Fyrir í ljóðinu kemur fram að hús Boxarans sökkuvi, og táknar þannig augnablikið þegar hann hefur náð valdi á Grétu. Seinna í ljóðinu „flæðir nóttin að og fyllir götur og tún“ (Gerður Kristný, *Drápa*, 51); borgin er að drukkna í kynferðisofbeldi. Kettirnir tákna um leið brotþola þess (eins og kom fram í upphafi ljóðsins).

Ég stíg
upp úr vatninu
vind mér inn (55)

Djöfullinn kemur að Grétu látinni en sýnir lítil viðbrögð í anda samfélagsviðhorfsins gagnvart kynferðisofbeldi:

Þetta hlaut
að fara
illa (49)

Loftfímleikastúlka
hefur hrapað til bana
með línuna vafða
um hálsinn

Þræði örlaganorna (56)

Með tilveru sinni dansa konur á línunni, og stundum hrapa þær, í samræmi við örlögin.

Skilningsleysi djöfulsins og þrá hans eftir skilningi á reynsluheimi Grétu birtist þegar hann segir við hana:

Brostin augu
kringd bláu mari
Svipurinn ber vott
um að þér hafi
borist svar
við spurningu sem
þú þorðir aldrei
að spyrja (57)

Djöfullinn vill skilja hvað átti sér stað og hvernig hún upplifði kynferðisbrotin. En á sama tíma lítur hann framhjá vandamálinu og lætur eins og ekkert slæmt hafi komið fyrir:

Ég losa þig
úr fléttunni
legg þig út af
læt sem þú sofir (64)

Það er ekki einungis djöfullinn/samfélagið sem lítur framhjá þeim veruleika kynferðisofbeldis sem blasir við heldur einnig guð sjálfur. „Hann grípur ekki loftfímleikastúlkuna, línudansarann á leið yfir djúpið sem „hefur hrapað til bana [...]“.

Leynardómurinn virðist of djúpur fyrir djöfulinn og hitt vitnið, sem gæti haft útskýringar á reiðum höndum, er hvergi að finna. Guð er hættur að horfa [...].⁹³

Ég færi þig
eíneygða guðinum
þeim sem skapaði
manninn í sinni mynd
og engist nú af eftirsjá (68)

Seinna í ljóðinu er djöfullinn kominn í sama myrkrahlutverk og hann gegndi í upphafi þess. Hann minnir lesandann á veruleika kvenna í heimi kynferðisofbeldis og hringrás hans; á nýjum degi er komið að næsta brotaþola og vonarneistinn er ennþá veikur:

Janúardagur
drífur að mjöll

Nú spora
kettir út
spánnýja fönn (67)

Vor tekur við
svo sumar með
sólríkum dögum

Þegar vetur
snýr aftur
er hann hálfu verri
en fyrr

Norðurljós nötra
í borg varga
og sorgar (71)

Í síðustu erindum ljóðsins leggur hann að lokum áherslu á fyrrnefnda hringrás:

Enn djarfar
fyrir svip mínum
í hélu götunnar

⁹³ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 38.

Strekkingurinn
stígur í vænginn við mig

sækir í sig
veðrið (83)

Kuldinn
heggur sér leið
gegnum
Skuggahverfið (84)

Ég spandéra ekki
fleiri dögum hér
en ég þarf

lyfti mér til flugs

hverf í kóf (85)

Djöfullinn lætur sig hverfa í kóf, þaðan sem hann birtist í upphafi ljóðsins; kynferðisofbeldi hverfur aldrei, það er alltaf til staðar og bíður í felum eftir næsta brotaþola.

Í bókinni *Á mannamáli* má finna umfjöllun um mikilvægi þess að rjúfa þögnina fyrir brotaþola kynferðisofbeldis í kaflanum „Að rjúfa þögnina“.⁹⁴ Í honum eru nokkrir þekktir einstaklingar nefndir sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi, útlistað í hverju ofbeldið fólst, og hversu gamlir brotaþolarnir voru þegar brotin áttu sér stað. Í þessu samhengi er tekið fram hvernig þögnin getur haft áhrif á brotaþola:

Fái þögnin að dafna getur hún vaxið og stækkað uns brotaþolanum finnst hann múraður inni og skrefið í áttina að því að rjúfa þögnina virðist óyfirstíganlegt. Stundum finnst brotaþolum að þeir „missi af tækifærinu“ ef þeir segja ekki strax frá reynslu sinni.⁹⁵

Gréta Birgisdóttir fær, rétt eins og flestir aðrir brotaþolar, ekki nafn sitt á fyrrnefndan lista eða segja sögu sína yfirhöfuð. Með *Drápu* tekur Gerður Kristný fyrnefnt skref og rýfur þögnina fyrir hönd Grétu og brotaþolanna sem „misstu af tækifærinu“ eftir að hafa verið múruð inni í tjöldum, húsum og í sumum tilvikum; kistum.

⁹⁴ Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli*, 233-237.

⁹⁵ Sama heimild, 237.

„Bak við fossinn“ eftir Kristínu Eiríksdóttur

Birtingarmynd djöfulsins/samfélagsins sem þögult vitni að kynferðisofbeldi má einnig finna í smásögunni „Bak við fossinn“ úr smásagnasafninu *Doris deyr* eftir Kristínu Eiríksdóttur. Sagan fjallar um næturvörðinn Aron sem starfar í bensínstöð eftir að hafa verið sagt upp í verksmiðju. Hann stendur á tímamótum; konan fór frá honum fyrir annan mann, dóttirin og vinirnir hættu að hafa samband og húsið þeirra var rífið til að rýma fyrir verslunarmiðstöð. Veröld hans er hrúin og við tekur nýr veruleiki sjálfsskoðunar.

Á næturvöktunum situr Aron í glerbúri sem verndar hann fyrir mögulega vafasömum næturgestum bensínstöðvarinnar. Viðskiptavinir þurfa að hringja bjöllu vilji þeir komast inn og þannig fær hann tækifæri til að virða þá fyrir sér áður en hann ákveður að hleypa þeim inn. Á einni vaktinni kemur hópur drukkinna manna ásamt ungri stúlku. Aron fylgist með stúlkunni sem er illa til fara og samskiptum hennar við mennina:

Hann fyllist fyrirlitningu og eitt sekúndubrot kemur dóttir hans upp í hugann, stingur kollinum upp úr djúpinu en er lamin jafnfljótt þangað niður aftur. Þegar stúlkan hefur sleppt orðunum sem hann skildi ekki er eins og andlitið á henni slakni, úr maskaralíningnum skín einhver hryllingur sem engum er ætlaður. Svo fer hún út og hurðin skellist á eftir henni.⁹⁶

Stuttu seinna tekur einn úr hópnum eftir því að stúlkan er farin út, þeir bregðast illa við og strunsa út eftir henni. Aron sér mennina stilla sér upp í kringum hana fyrir utan bensínstöðina og „finnst hann heyra dempuð höggghljóð, óp sem deyr út“ (57) áður en þau láta sig hverfa. Atvikið fær Aron til að hugsa:

Í sjoppunni er flóðlýsingin og suðið frá kæliskápunum. Aron sest aftur í keng. Hann hugsar til þess að hann muni aldrei sjá þetta fólk aftur, að hann hafi ekkert að segja um örlög þess, ógæfa stelpunnar sé ekki á hans ábyrgð. Hann sér fyrir sér myrkvað greni, dópdrasl, umbúðir og framandi tónlist. Heim þar sem alltaf er sama nóttin og aldrei birtir, hann ímyndar sér þennan heim og að fólkið búi í honum. Um hann fer ónotakennd. (57-58)

Í stað þess að fyllast áhyggjum af velferð stúlkunnar fer hann að hugsa um hvernig hans eiginn heimur hefur smám saman hrúnið. Hann rifjar upp hvernig hjónabandið og fjölskyldulífið stóð á brauðfótum og hrundi að lokum þrátt fyrir að þau hafi fylgt „skipulagi lífs síns vandlega svo ekkert slæmt kæmi fyrir.“ (58)

Eftir vaktina sofnar hann og dreymir brúðkaupsferð þeirra hjóna til Niagarafossa.

⁹⁶ Kristín Eiríksdóttir, *Doris deyr*, 57. Framvegis verður vísað í bókina með blaðsíðutölum innan sviga í meginmáli.

Daginn eftir brúðkaupsnóttina fara þau niður að fossinum og Aron endar á því að koma sér inn í helli á bak við fossinn. Hann skoðar sig um í hellinum; þar er líflegt um að litast þrátt fyrir myrkrið og plönturnar „drekka í sig stöku geisla sem brýtur sér leið gegnum vatnsvegginn“ (60). Þegar lengra er komið inn í hellinn og hann „verður að tómunum svörtum geimi“ (60) hugsar Aron um „lífið, hvort hann sé þarna einn, hvernig plönturnar sjáist ekki lengur og sólarljósið sé forsenda alls lífs“ (60). Aron vaknar og fer á fætur, fær sér kaffi og kíkir í dagblaðið: „Unglingsstúlka myrt, hann lítur á andlit hennar, sakleysislega brosir hún af tvívíðum fletinum. Synd, hugsar hann og flettir blaðinu án þess að þekkja hana aftur.“ (60)

Með því að segja söguna frá sjónarhorni Arons sem vitni vekur Kristín upp þá spurningu með lesandanum hvers konar augum samfélagið líti á kynferðisofbeldi. Viðbrögð Arons eru á tvo vegu; annars vegar bregst hann ekki við ofbeldinu sem blasir við honum og gerir ekkert til að koma brotþola til hjálpar, hins vegar fjarlægir hann sig frá því og telur það ekki koma sér við. Sjónarhorn hans úr táknrænu glerbúrinu sýnir þannig glöggt það viðhorf að kynferðisofbeldi tilheyri öðrum heimi en þeim sem viðkomandi tilheyrir.

Í lýsingum á sálarlífi og aðstæðum Arons má finna skýringar á samúðarskortri hans með brotþola. Eina skiptið sem hann sýnir brotþola vott af samúð er þegar hún minnir hann á sína eigin dóttur. Hans eigin persónulegu vandamál eiga hug hans allan og í sjálfsvorkunn sinni kemst ekkert annað að:

Lífið hafði tekið sig saman um að rústa honum, jafna hann við jörðu, og hann spurði í sífellu: Hvers vegna ég? Hvað hef ég gert rangt? Vinum hans leiddist að hlusta á hann og einn þeirra sagði honum að hætta að væla yfir því sem aðrir gerðu rangt en skoða frekar sjálfan sig, og Aron setti lugt í brjóstholið, lýsti upp myrkrið en í því var ekkert. (52)

Aron kemur hér upp um sjálfan sig þegar hann sýnir lesandanum hvernig hans eigin heimur er einnig heimur „þar sem alltaf er sama nóttin og aldrei birtir“ og staðfestir það svo endanlega í draumasenunni. Hér er gott að staldra við og rifja upp spurningu Öldu og Guðna um það hvort djöfullinn sé „blindaður af sínu eigin syndafalli“ rétt eins og lesendur ljóðsins. Djöfullinn og Aron, sem báðir tengjast myrkrinu táknrænum böndum, sýna fram á hvernig við beinum blinda auganu að kynferðisofbeldi rétt eins og guð gerir í *Drápu*.⁹⁷

⁹⁷ Sjá nánari umfjöllun um aðgerðarleysi guðs í *Drápu* í Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 38.

Myrkrið leynist í okkur öllum og af því leiðir, þegar allt kemur til alls, að brotaþoli stendur einn eftir í sínu eigin myrkri. Við störum á myrkrið og það starir á okkur.

Með sjónarhorni vitna segja þær Gerður Kristný og Kristín Eiríksdóttir sögu brotaþola kynferðisofbeldis á þann hátt að lesandinn getur ekki annað en litið í spegil og spurt sig: „Er auga mitt blindað bólsturskí?“⁹⁸

⁹⁸ Gerður Kristný, *Drápa*, 82.

4 Sjónarhorn geranda

Eins og kom fram í kaflanum hér á undan er sjónarhorn Braga Ólafssonar/Boxarans ekki til staðar í *Drápu*. Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson greina hins vegar persónu hans sem geranda með sjálfskoðun einstaklingsins og áhrif ofbeldis á sálarlíf hans að leiðarljósi, með tilvísun til fræðimannsins Maggie Nelson:

Maggie Nelson setur fram þá kenningu í bók sinni *The Art of Cruelty* að í kristinni trú merki það „að vita hver þú ert“ einfaldlega að einstaklingurinn horfist í augu við eyndina sem tilheyrir upprunasýndinni, en dauðinn er afleiðing hennar. Sjálfskennslin felast í því að skilja að við erum óverðug og trúa því að það sé aðeins fyrir náð og miskunn Guðs að við föllum ekki niður í vítispyttinn sem annars myndi gleypa okkur öll.⁹⁹

Þau benda um leið á að „kristnar hugmyndir á borð við þessa [...] [gangi] þvert á húmanískar upplýsingahugmyndir um einstaklinginn og þroskavegferð hans“¹⁰⁰, hugmyndirnar „að í ofbeldi gleymum við því hver við erum“ og „að karlmennskutilfinningin [vex] þegar karlmaðurinn [þröngvar] vilja sínum upp á aðra og [gerir] þá að handbendum síns eigin geðþótta [sem leiðir] til ólýsanlegrar sælu.“¹⁰¹

Þessar andstæðu hugmyndir varpa nýju ljósi á aðalpersónu *Drápu* (Grétu) og Boxarann (Braga). Kristna hugmyndin sýnir fram á hvernig stigvaxandi vanmáttur Grétu hefur leitt til þess að hún „gleymir [...] að spyrja sig hver hún sé“, og sú húmaníska hvernig „ofbeldi karlsins [sviptir] hana mennsku sinni [...]“¹⁰² Brotabolinn er þó ekki sá eini sem „tapar mennsku sinni“ því gerandinn gerir það líka fyrir tilstuðlan ofbeldisins: „[...] [Hann] breytist í sjálfvirka vél sem stýrist fyrst og fremst af bræði eða losta. Þannig er það í raun jafn hættulegt fyrir manneskjuna að beita ofbeldi og vera beitt ofbeldi. Í báðum tilfellum tapar hún mannlegum eiginleikum sínum eða veit ekki lengur hver hún er.“¹⁰³ Þessi skortur á mannlegu eðli og sjálfsmynd Boxarans má sjá í ljóðinu stuttu eftir andlát Grétu:

⁹⁹ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 37.

¹⁰⁰ Sama heimild, 38.

¹⁰¹ Sama heimild, 38.

¹⁰² Sama heimild, 39.

¹⁰³ Sama heimild, 39.

Boxarinn
sefur svefni
hinna ranglátu

djúpum
og draumlausum (58)

Boxarinn sýnir enga iðrun og hvergi í ljóðinu gengst hann við gjörðum sínum. Í viðtali Gerðar við Braga sýnir hann mjög svipuð viðbrögð og leggur frekar áherslu á að koma eigin þungbæru reynslu á framfæri, en hann varð fyrir harkalegu ofbeldi á sínum yngri árum.¹⁰⁴ Bragi sýnir þannig fram á, ómeðvitað, hvernig hann hefur orðið að „sjálfvirkri vél“.

Alda Björk og Guðni telja, að í ljósi þessara viðbragða, sé saga Boxarans „vitnisburður um bælingu“ sem minni á gríska goðsagnamorðingjann Ödipus.¹⁰⁵ Líf Ödipusar hófst á því að hann var beittur ofbeldi, beitir síðan sjálfur ofbeldi og myrðir föður sinn vegna þess að „hann veit ekki hver hann er [...]“.¹⁰⁶ Ödipus horfist ekki í augu við eigin ofbeldisverk fyrr en hann kemst að uppruna sínum: „Um leið og hann lærir að þekkja uppruna sinn og persónuleika, viðurkennir hann ofbeldið og dæmir sjálfan sig í útleið eftir að hafa blindað sig.“¹⁰⁷

Sagan um Ödipus er sagan af manni sem þekkir ekki sjálfan sig, rétt eins og Bragi, „en ólíkt Ödipusi vill [hann] ekki kannast við sjálfan sig og því mætti halda fram að sök Braga Ólafssonar felist ekki aðeins í ofbeldisverkum hans, heldur einnig í því hversu tregur hann sé til að gangast við ábyrgð sinni. Hann lifir í sjálfsblekkingu, því að þrátt fyrir að hafa tekið út refsingu í fangelsi viðurkennir hann ekki glæp sinn [...]“.¹⁰⁸ Ödipusi var refsað með því að „gangast við glæp sínum [og] sjá sannleikann um sjálfan sig“ en refsing Braga, samkvæmt Öldu og Guðna, felst í því að hann er að lokum myrtur „vegna þess að [hann] viðurkennir ekki að hann svipti bæði sig og Grétu mennskunni með ofbeldi sínu [og er því] [...] fastur í [...] hringrás ofbeldis og sjálfsblekkingar.“¹⁰⁹

¹⁰⁴ Gerður Kristný, „Sé eftir að hafa fæðst!“, 13-14.

¹⁰⁵ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 39.

¹⁰⁶ Sama heimild, 39.

¹⁰⁷ Sama heimild, 39.

¹⁰⁸ Sama heimild, 40.

¹⁰⁹ Sama heimild, 41.

Gott fólk eftir Val Grettisson

Þrátt fyrir að sjónarhorn Braga sem geranda sé ekki til staðar í *Drápu* varpar greining Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur og Guðna Elíssonar á honum ljósi á skáldverk sem skrifað er út frá sjónarhorni geranda; skáldsöguna *Gott fólk* eftir Val Grettisson. Sagan fjallar um blaðamanninn Sölva sem í upphafi hennar fær óvænta heimsókn frá kunningjum sínum, Herði og Grímari sem færa honum bréf. Bréfið er frá Söru, fyrrum kærustu Sölva, þar sem hún rifjar upp ofbeldið sem hún þurfti að þola af hendi hans. Hún útlistar hvernig hann beitti hana andlegu og kynferðislegu ofbeldi með valdaójafnvægi þeirra á milli að vopni. Tilgangur bréfsins er að fá Sölva til að horfast í augu við eigin gjörðir og „[betrumbæta [sig] svo að [þau geti] bæði haldið áfram“ með því að ganga í gegnum svokallað ábyrgðarferli.¹¹⁰ Hún setur honum skilmála sem hann þarf að fara eftir til að uppfylla kröfur hennar:

- Ekki tala við mig aftur. Ekki hafa beint samband við mig með neinum hætti.
- Ef við hittumst fyrir tilviljun, hvar sem það kann að vera, þá vil ég að þú yfirgefir staðinn.
- Ég vil að þú leitir þér sérfræðiaðstoðar vegna ofbeldisins sem þú beittir mig.
- Ég vil að þú takir ábyrgð á ofbeldinu sem þú beittir mig. Ég vil að þú gangist við því við mig í gegnum millilið.
- Ég vil að þú gerir hreint fyrir þínum dyrum, ef þú ætlar yfirhöfuð að skrifa eða vinna á vettvangi mannréttindamála, þar sem barist er gegn ofbeldi. Og upplýsir um það sem þú hefur gert. (18-19)

Sölva er brugðið og heldur að um grín sé að ræða. Hörður og Grímar gera honum ljóst að að málið hafi fengið mikið á Söru og gefa honum tvær vikur til að svara bréfinu.

Sagan er sögð til skiptist í nútíð og þátíð. Í nútíðarfrásögninni fer Sölvi í gegnum sitt daglega líf í nýjum veruleika eftir að hafa fengið bréfið. Í þátíðarfrásögninni rifjar hann upp samband sitt við Söru. Frásagnirnar einkennast þannig af uppgjöri hans við sjálfan sig; viðbrögðum við bréfinu og endurskoðun á framkomu sinni og persónuleika.

Eftir að Hörður og Grímar láta sig hverfa rifjar Sölvi samband þeirra Söru upp. Þau kynntust á einum af mótmælafundum búsáholdabyltingarinnar í gegnum sameiginlega vini. Þau ræða stjórnsmál og fljótlega fara þau að fella hugi saman og hittast reglulega. Samband þeirra stóð þó á brauðfótum þar sem hugmynd þeirra um ástarsambönd voru gjörólík og um leið þeirra eigið samband. Í gegnum upprifjun Sölva kemur smám saman í ljós hversu ofbeldisfullt samband þeirra var. Hann beitir hana

¹¹⁰ Valur Grettisson, *Gott fólk*, 18. Framvegis verður vísað í bókina með blaðsíðutölum innan sviga í meginmáli.

andlegu ofbeldi, með þrá sinni fyrir því að hafa vald yfir henni, og reynir að stjórna daglegu lífi hennar. Eftir harkaleg rifrildi enda þau á að stunda kynlíf þar sem hann fær útrás fyrir valdabörf sína og þvingar hana til athafna gegn hennar vilja. Endurminningar Sölva einkennast nánast allar af þessari atburðarás.

Í nútíðarfrásögninni gengur Sölvi í gegnum stríð gagnvart Söru og vinum hennar, en hann fær bróður sinni Víði, og æskuvinkonuna Hafdísu í lið með sér. Hann brýtur skilmála Söru þrisvar; í tvö fyrstu skiptin sendir hann henni skilaboð og að lokum fer hann að hitta hana á vinnustað hennar. Gerður, vinkona Söru, skrifar blogg færslu um málið án þess að nafngreina Sölva. Smám saman vindur málið upp á sig og endar á því að Sara fer í blaðaviðtal þar sem Sölvi er nafngreindur. Eftir viðtalið er veröld Sölva endanlega hrunin; mannorð hans er í rúst og hann gefur sig fram á lögreglustöð og vill láta málið ganga í gegnum lögformlegt kærufærlu, en lögreglan getur lítið gert þar sem Sara neitar að kæra. Sagan endar á því að Sölvi lokar á alla samfélagsmiðla, flýr Reykjavík og fær Gerði til að birta bréf á bloggsíðu sinni. Í bréfinu gerir Sölvi málið upp frá sinni hlið þar sem hann viðurkennir að hafa beitt Söru ofbeldi að einhverju leyti en leggur þó meiri áherslu á þá óréttlátu meðferð sem hann hefur hlotið.

Vegferð Sölva í gegnum söguna einkennist fyrst og fremst af togstreitu milli þess annars vegar að horfast í augu við sjálfan sig og viðurkenna gjörðir sínar, og hins vegar afneitun og reiði vegna hlutskiptis síns í málinu. Þegar hann rifjar upp samband þeirra Söru man hann skýrt hvernig hann fór yfir hennar mörk en virðist ekki taka skýra afstöðu til þess hvort um hafi verið að ræða brot gegn henni eða ekki. Þvert á móti virðist hann leggja meiri áherslu á hversu gott kynlífið hafi verið:

Hún lét tilleiðast. Leyfði mér að klæða sig úr peysunni, svo buxunum, svo nærbuxunum. Einhver reif í hurðarhúninginn. Söru dauðbrá. Aftur reyndi hún að stöðva mig, sagði mér að fólk myndi taka eftir þessu. [...] Ég man að kynlífið var frumstætt, næstum laust við ástríður. En spennan við að gera það á opinberum stað magnaði fullnægunguna þegar hún loksins kom. Eftir kynlífið sat ég á klósettinu og fylgdist með henni, fáklæddri, hafa sig til eftir að við lukum okkur af. Hún var fallega rjóð í kinnum. Þegar ég hugsa út í það nú, fimm árum síðar, þá minnir mig einhvern veginn, eins og örsnöggt hafi skotist upp í hugarfylgsnin, þar sem ég sat á klósettinu, hugsunin um að ég hefði þvingað hana til þess að sofa hjá mér. Ég hef oft velt þessari minningu fyrir mér. [...] Nú er hún orðin hluti af hugsanlegri ofbeldisfullri hegðun minni gagnvart Söru. Ég held að þetta hafi verið í fyrsta skiptið sem ég fór yfir hennar mörk. Kannski var þetta fyrsta ofbeldisfulla augnablikið okkar saman. (39-40)

Þessi minning Sölva er í takt við allar minningar hans um sambandið. Hann man hversu gott og spennandi kynlífið var og viðurkennir að hafa farið yfir hennar mörk en gengst

ekki við því að hafa brotið á henni. Í hans huga er þetta „hugsanlega ofbeldisfull hegðun“ þrátt fyrir að það blasi við að hér sé um kynferðisbrot að ræða. Viðhorf hans kemur einnig í ljós þegar hann gengst við einum af skilmálum Söru og leitar sér sálfræðiþjónustu. Sálfræðingurinn spyr hann hvort hann kannist við lýsingar Söru í bréfinu:

Ég kannast við lýsingarnar, en ég kannast ekki við að hafa beitt hana ofbeldi[“], bæti ég við. Mér líður eins og fargi sé af mér létt. Eins og ég megji loksins neita sök. Og það er þá sem ég fyllist af reiði. Allan þennan tíma hefur mér liðið eins og það væri algjör svívirða að neita sök. Þó ég kannaðist ekki við ofbeldisgjörninginn. Mér líður eins og þýðingarvillu á milli tveggja herskárna ættbálka. Eins og heimskulegri klisju um stöðu kynjanna. (174)

Þetta hrópandi ósamræmi milli þess sem átti sér stað og afstöðu hans til alvarleika þess er gott dæmi um sjónarhorn hans sem geranda. Í sögunni veltir hann þeim áhrifum sem ofbeldið hefur haft á Söru og afleiðingum þess lítið fyrir sér. Hugur hans virðist einkorðast við það hversu erfitt líf sitt hefur orðið eftir að bréfið barst. Lesandinn fær þannig eingöngu að sjá hlið Söru í bréfinu og viðtalinu, en í því síðarnefnda fer hún yfir samband þeirra og afleiðingar þess:

Sara segir að ástarsamband þeirra hafi strax orðið óhefðbundið. „Við vorum ekki eins og venjulegt kærustupar sem fer í bíó saman. Það var nákvæmlega þarna sem hann kom upp einhvers konar kerfi sem reyndist niðurlægjandi gryfja fyrir mig. Áður en ég vissi af var ég orðin pikkföst í neti Sölva, þar sem ég var niðurlægð og upphafin á víxl. Allt eftir því hvernig skapi hann var í þann daginn.“ [...] Það var ekki fyrr en ári eftir að hún og Sölvi hættu saman sem áttaði sig á því að það var eitthvað mikið að henni. „Ég gat ekki átt í eðlilegum samskiptum. Ég lokaði mig inni og fylltist ofsakvíða við minnstu tilefni. Ég brotnaði síðan algjörlega saman eftir að hafa drukkið mig fulla og séð Sölva á einhverjum bar. Hann sá mig ekki. Það var þá sem ég fann að hann hafði gert mér eitthvað. Það var eitthvað bilað innra með mér sem þurfti að laga. (219)

Á þessum lýsingum má sjá hvernig valdakúgun Sölva hefur þau áhrif á Söru að hún „getur ekki annað en elt“ eins og Gréta í *Drápu*. Lesandinn fær því upplýsingar um upplifun þeirra beggja af sambandinu en getur einungis tekið afstöðu til þess með augum Sölva. Viðbrögð Sölva við viðtalinu sýna glögg hvernig málið horfir við honum. Í stað þess að finna fyrir eftirsjá eða samúð með Söru fer hann beint í stríðsgrafir samfélagsmiðlanna þar sem hann athugar hvernig hann kemur út í umræðum um málið. Víðir hefur samband við hann stuttu eftir að viðtalið birtist og stappar í hann stálinu. Sölvi hugsar með sér hversu „þakklátur hann [sé] fyrir stuðninginn“: „Víðir er hermaður sem maður vill hafa í sínu liði.“ (229)

Sölvi er ekki einungis forhertur í afstöðu sinni til málsins heldur reynir um leið að ríghalda í mannorð sitt. Í gegnum söguna fylgist hann sífellt með umfjöllunum um málið í fjöl- og samfélagsmiðlum og lýsir ótta sínum, en um leið reiði, yfir þeirri meðferð sem hann hlýtur þar. En þrátt fyrir að ekkert komi í veg fyrir að hann komi sinni hlið á framfæri opinberlega, og fær meira að segja tækifæri til þess frá blaðamanninum sem tók viðtalið við Söru, þá gerir hann það ekki. Á þessu má sjá hversu brotna sjálfsmynd hann hefur því hann getur ekki horfst í augu við það hvaða mann hann hefur að geyma því hann þekkir ekki sjálfan sig; „í ofbeldi gleymum við hver við erum“.¹¹¹

Sölvi, Bragi Ólafsson og Ödipus eiga það sameiginlegt að beita ofbeldi vegna þess að þeir vita ekki hverjir þeir eru. En Ödipus „viðurkennir [hins vegar] ekki aðeins afbrot sitt fyrir sjálfum sér heldur einnig gagnvart samfélaginu öllu.“¹¹² Í bréfinu sem Sölvi birtir á bloggi Gerðar í lok sögunnar viðurkennir hann afbrot sitt að einhverju, en þó ekki, fullu leyti:

Það er ekki auðvelt að vera sakaður um að hafa beitt aðra manneskju órétti. Og líklega ætti maður auðveldara með að setta sig við eigin sök ef hún væri skýrt afmörkuð. Ef maður hefði einhvers konar skilning á glæpnum sjálfur. Ég hef þurft að umbylta hugmyndum mínum um sjálfan mig. Um ofbeldi. Um ástina. Ég skrifaði undir játningu um að ég væri kynferðisafbrotamaður. Að ég hefði beitt konu líkamlegu og andlegu ofbeldi. Það er ekki auðvelt að játa slíkt. Það er ekki eitthvað sem ég hefði gengist við ef ég hefði verið sannfærður um eigið sakleysi. En ég er ekki viss. Mér líður allavega eins og ég sé sekur. Ég nauðgaði engum. Ég lamdi engan. [...] En ég gekk yfir mörk annarrar manneskju. [...] Ég misbeitti valdi mínu og bar fyrir mig valdaójafnvægi ástarinnar. Því er ásökunin rétt að ákveðnu leyti. Ofbeldið í ástinni er margslungið. Ég baðst afsökunar. Þó að sú afsökunarbeiðni hafi ekki verið á forsendum þess sem hana fékk, þá baðst ég engu að síður afsökunar. Því mér líður illa. Mér líður eins og lífi mínu hafi verið kippt úr sambandi. Ég uppgvötaði hryllilegan sannleik innra með mér og ég á enn erfitt með að horfast í augu við hann. (304-305)

Viðurkenning Sölva á afbroti sínu er loðin og fellur þannig milli Ödipusar, sem viðurkenndi afbrot sitt, og Braga sem viðurkenndi það ekki að neinu leyti. Sölvi hefur ekki skilning á glæpnum en viðurkennir að hafa brotið af sér. Ödipus horfist ekki í augu við eigin ofbeldisverk fyrr en hann lærir að þekkja sjálfan sig og það vekur upp þá spurningu hvort Sölva hafi tekist það undir lok sögunnar. Seinna í bréfinu segir Sölvi að „þessir gallar [sému] hluti af því að vera manneskja“ (305) og heldur því þannig fram að

¹¹¹ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 38.

¹¹² Sama heimild, 40.

hann hafi ekki „tapað mennsku sinni“ eins Bragi gerir samkvæmt Öldu og Guðna.¹¹³

Annað, og kannski skýrara, dæmi um afstöðu Sölva er skoðun hans á þeirri refsingu sem hann hlýtur í kjölfar bréfsins. Í fyrsta kaflanum þar sem hann rifjar upp samband þeirra Söru, stuttu eftir að hafa fengið bréfið í hendurnar, fyllist hann ranglætistilfinningu:

Ég ræð ekki við tilfinninguna; mér líður eins og ég sé saklaus. Eins og ég sé borinn þungum, en röngum, sökum. Það sem verra er, þetta er hættulegasta tegundin af ásökunum. Það verður hvorki réttað yfir tilfinningalífi mínu né Söru. Það verða engin sönnunargögn tínd til sem geta sýnt fram á hvort ég er sekur eða saklaus af þessum ógreinilegu ásökunum um ofbeldi. Dómsniðurstaðan hlýtur því að vera ófullnægjandi. (35)

Sölvi er ósáttur við að hljóta ekki hefðbundna dómsmeðferð því „það kveður nefnilega ekkert á um tíma eða rimla í skilyrðum Söru“ (82). Hann fær því Víði, sem er menntaður lögfræðingur, til að endurskrifa skilmálana eftir eigin skilyrðum og semja við hana. Þegar það gengur ekki upp gefur hann sig fram á lögreglustöð, eins og fyrr segir, og reynir þannig árangurslaust að færa málið úr ábyrgðarferlinu yfir í hefðbundið réttarkerfi. Stuttu seinna, eftir að hafa verið nafngreindur opinberlega, kemst hann að þeirri niðurstöðu að refsingin felist í opinberri niðurlægingu: „Hefnd Söru [er] heimatilbúið réttarkerfi sérhannað fyrir skrímsli eins og mig“ (279). Í bréfinu fer hann í gegnum reynslu sína af refsingarferlinu og gefur samfélaginu skýra mynd af afstöðu sinni:

Ég hef verið settur út í kuldann. Því þetta var ekki ábyrgðarferli heldur nokkurs konar frystingarferli, þar sem ég var settur út fyrir samfélagið. Útskúfaður. [...] Ég neita því ekki að hugsanlega er ég einkennilegur andstæðingur. Hugsanlega er ég öfgakennt frávik sem kallar á öfgafullt réttlæti. [...] Mér líður eins og ég þurfi að heyja uppreisn í nafni eigin sálarheillar. En ég er of þreyttur og lúinn. [...] Ég er of uppgefinn til þess að skilja það óréttlæti sem ég var beittur í nafni réttlætis. Ég veit bara að þeir sem berjast gegn skrímslum, breytast að lokum í skrímsli. [...] Ef þetta bréf væri þakkarræða myndi ég þakka réttarkerfinu fyrir að hafa stuðlað að tilvist hliðarréttlætis með svona ljómandi fínum árangri. Dugleg þið. [...] Þetta er [...] kveðjubréf, gott fólk, það er þetta sem ég vil segja við ykkur öll – og þetta meina ég frá mínum innstu hjartarótum: Farið öll lóðrétt til helvítis. (305-306)

Í gegnum ábyrgðarferlið hafa Sara og vinir hennar ítrekað það við Sölva að eitt af markmiðum þess sé að hjálpa honum sjálfum. En í bréfinu staðfestir hann að hann hafi lítið lært af því um eigið eðli og mistekst þannig að ganga í gegnum sama ferli og Ödipus:

¹¹³ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 39.

Í goðsögunni um Ödipus felst refsing hans í því að gangast við glæp sínum, að sjá sannleikann um sjálfan sig. Sekt hans birtist í nafni hans bægifótur og verður sýnileg í holti. Þannig er glæpur Ödipusar hluti af sjálfsmýnd hans, sýnileg í nafni hans og leiðir til útlegðar. En slík viðurkenning er einnig leið til þess að lifa með sannleikanum um sjálfan sig.¹¹⁴

Eftir að Gerður birtir blogg pistilinn um málið er hún spurð að því hver gerandinn sé og svarar: „[hann] er í þessu tilfelli í raun algjört aukaatriði“ (129). Þessi tilvitnun er áhugaverð í ljósi þess að hún á við um flest önnur skáldverk sem hér eru tekin fyrir. Mest áberandi stefið í þeim er óréttlætið sem brotapolar verða fyrir en í *Góðu fólki* er sagan sögð frá sjónarhorni geranda og því „óréttlæti“ sem hann er beittur. Þetta er sérstaklega kaldhæðnislegt í ljósi þess að Sölvi leitar til hins hefðbundna réttarkerfis sem hann veit að bregst brotapolum í flestum tilvikum: „[Sara] vildi hlífa sér við málsmeðferð réttarkerfisins, sem virtist búa yfir ríkari tilhneigingu til þess að dæma fórnarlambið en sakborninginn“ (279). En þrátt fyrir að sagan sé sögð frá sjónarhorni gerandans virðist hún frekar taka afstöðu gegn honum en með. Í lýsingum og upplifunum Sölva og Söru af sambandi þeirra er ekki reynt að fela þá staðreynd að hann beitti hana vissulega ofbeldi og með því að sýna fram á afneitun hans, sjálfhverfu og skort á samúð kemur bersýnilega í ljós að um skemmdan einstakling er að ræða sem mun ólíklega breyta hegðun sinni.

¹¹⁴ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“, 41.

5 Sjónarhorn aðstandanda

Kata eftir Steinar Braga

Skáldsagan *Kata* eftir Steinar Braga er skrifuð út frá sjónarhorni sem lítið fer fyrir í þeim skáldsögum sem teknar hafa verið fyrir hingað til; sjónarhorni aðstandanda. Sagan fjallar um hjúkrunarfræðinginn Kötú sem glímir við afleiðingar þess að dóttir hennar á unglingsaldri, Vala, hverfur sporlaust. Réttu ári seinna finnst lík hennar illa leikið og ljóst að hún hafi orðið fyrir hópnauðgun og myrt í kjölfarið. Rannsókn lögreglunnar gengur illa þar til einn af ódæðismönnum, Garðar, hringir og játar að hafa orðið Völu að bana ásamt félögum sínum, Atla og Birni. Í kjölfar þess að ekki tekst að sakfella þremmenningana ákveður Kata að rannsaka málið upp á eigin spýtur. Rannsóknarferlið, sem spannar meirihluta sögunnar, skiptist í tvo hluta: Að rannsaka atferli og líf Völu í aðdraganda morðsins annars vegar, og hins vegar að hefna fyrir dauða hennar. Í rannsókninni á lífi Völu kemst Kata á snoðir um samskipti hennar við persónu sem gengur undir nafninu Elísabet Báthory, en samskiptin einkennast af því að Báthory hvetur Völu til kynferðislegra athafna. Kata grunar eiginmann sinn, Tómas, um að vera aðilann á bak við dulnefnið, að mestu leyti vegna dúkkuhúss sem hann gaf Völu þegar hún var yngri og þau voru bæði hugfangin af. Undir lok bókarinnar myrðir hún þremmenningana, hlýtur fangelsisdóm og öðlast heimsathygli eftir að viðtal við hana er birt.

Þegar *Kata* kom út á sínum tíma vakti hún strax mikla athygli, ekki síst vegna hefndar Kötú og hvernig hún bregst við þegar dómskerfið hefur brugðist dóttur hennar,¹¹⁵ eða eins og bókmenntafræðingurinn Soffía Auður Birgisdóttir lýsir viðfangsefninu í ritdómi:

Að öllum líkindum er það þessi þráður bókarinnar sem er hvað mest ögrandi og gefur tilefni til endalausra þælinga um hvort það að taka refsinguna í sínar eigin hendur sé siðferðislega ásættanlegt. Hæpið væri að fullyrða hvort höfundur sé á sömu skoðun og Kata, þótt hann láti hafa eftir sér í viðtali að óskin eftir að „drepa gerandann“ sé „eðlileg“. Líklega geta flestir foreldrar ungra kvenna fundið þá ósk í eigin brjósti við slíkar aðstæður sem Kötú eru búnar. Hvort þeir myndu hrinda henni í framkvæmd er allt annað mál.¹¹⁶

¹¹⁵ Sjá t.d. Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, „Akta! – Kata! – Hata!“, *Ritið*, 3/2014, 257.

¹¹⁶ Soffía Auður Birgisdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi: Krabbamein á þjóðarlíkama“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2015, 132-136, hér 135.

Eins og Soffía Auður bendir á er ekki reynt að svara því í bókinni hvort þessi leið sem Kata fer sé rétt eða röng. En í viðtalinu sem hún vísar í útskýrir Steinar Bragi hvers vegna fyrrnefnd leið hafi orðið fyrir valinu:

Þegar kerfið bregst verður einstaklingurinn að grípa til sinna ráða. Það hefur ríkt gríðarleg óánægja með framgang mála sem varða kynferðisofbeldi. Ekki bara að dómarnir séu vægir heldur hvað sönnunarbyrðin er ofboðslega ströng. Eða eins og Kata segir í bókinni: [„]Sönnunarbyrðin í kynferðisofbeldismálum hlýtur að vera strangari en í eðlisfræðirannsóknunum.[“] Sumum dómurum virðist bara aldrei vera hægt að sýna fram á nauðgun. Það er líka dálítið sláandi hvað við skorum hátt í nauðgunum. Tölur frá 2003 sýna 24 kærðar nauðganir á hverja hundrað þúsund íbúa á Íslandi á meðan meðaltalið á Norðurlöndunum er tíu.¹¹⁷

Kata stendur þannig frammi fyrir gölluðu dómskerfi, kerfi sem á að vera ein af uppistöðum siðmenntaðra þjóða og hefur það hlutverk að viðhalda réttlæti á milli manna, og velur því „að grípa til sinna ráða“.

Næsta spurning sem tekur við er sú hvort að fyrrnefnd leið skili árangri í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Hildur Lilliendahl Viggósdóttir bendir á að leið Kötu sé furðulegur vinkill á viðfangsefnið og þegar upp er staðið skilar hefndin ekki tilætluðum árangri:

Hvers vegna hefnir Kata? Er verið að fantasera um réttlæti er verið að velta upp spurningunni um hvernig heimurinn væri ef konur hefndu? Eða er höfundur/söguhöfundur að yfirfæra sínar hugmyndir um réttlæti á konur? Leyfa þeim að prófa eða máta sig í hlutverkinu? Ég fann enga fróun í hefndaraðgerðum Kötu. Enga. Mér fannst réttlætið ekki hafa sigrað. Ég er hreint ekki viss um að konur láti sig dreyma um hefnd. Ég held að við látum okkur dreyma um réttlæti og ég held að okkur finnist lítið réttlæti í hefnd.¹¹⁸

Björn Þór Vilhjálmsson tekur í svipaðan streng og Hildur en bætir við að aðgerðir Kötu hafi þó áhrif á baráttuna:

En *Kata* tekur einnig skref út fyrir hefðbundinn ramma hefnendasögunnar, og tengist það femínískri áherslu bókarinnar. Raunar kynni að vera nær lagi að segja að aflvaki þeirrar róttæku samfélagsgagnrýni sem greina má í frásögninni felist í tortryggni í garð réttlætishugsjónanna sjálfra, ekki aðeins gallaðrar útfærslu þeirra. Þetta birtist einna skýrast í gjörðum söguhetjunnar Kötu í síðari hluta verksins og þeim rökum sem færð eru fyrir blóðhefnd utan dóms og laga. Ennfremur birtist það í þeirri niðurstöðu bókarinnar að þótt blóðhefndin hafi verið innt af hendi sé réttlætinu hvergi nærri fullnægt, því líkt og afhjúpun glæpsins í glæpasögu færir jafnan í samt horf þann misbrest er áhugi sögunnar beinist að felur aftaka glæpamannsins í hefnendasögu oftast í sér þá hugmynd að réttlætið hafi náð fram að ganga – og því sé óhætt að ljúka sögunni. Þessu er öðruvísi farið í *Kötu* þar sem endalokin fela í sér

¹¹⁷ Friðrika Benónýsdóttir, „Eðlilegt að vilja drepa gerandann“, *Fréttablaðið*, 11. október 2014, 38.

¹¹⁸ Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, „Akta! – Kata! – Hata“, 261.

nýtt upphaf og ákall í nafni réttlætis eftir því að vestrænni samfélagsgerð sé kollvarpað.¹¹⁹

Kötu tekst þannig ekki að fullnægja réttlætinu fyrir hönd dóttur sinnar en tekur hins vegar stórt skref í átt að réttlæti fyrir hönd annarra dætra, mæðra, systra og allra þeirra brotþola sem munu verða fyrir kynferðisofbeldi í framtíðinni; baráttan er hafin.

Aðgerðir Kötu hafa ekki einungis áhrif á baráttuna gegn kynferðisofbeldi heldur einnig á hana sjálfa. Þegar persóna hennar er skoðuð, sem aðstandandi brotþola, má sjá bersýnilega hversu mikil áhrif kynferðisofbeldið sem Vala varð fyrir hefur á hana. Líf Kötu tekur stakkaskiptum og hennar fyrstu viðbrögð eru að rifja upp líf Völu og reyna að setja sig í hennar spor. Með augum Kötu reynir lesandinn þannig að skilja þá raun sem Vala gekk í gegnum, rétt eins og hann gerir með Grétu í *Drápu*. En ólíkt *Drápu*, sem sögð er frá sjónarhorni vitnis, er lesandi *Kötu* nánari brotþola þar sem hún er sögð frá sjónarhorni aðstandanda. Þessi staða lesandans vekur upp þá spurningu hvort við þurfum að vera nán brotþola til að standa ekki á sama um það kynferðisofbeldi sem þeir verða fyrir? Horfum við á kynferðisofbeldi, úr glerbúrinu, sem fyrirbæri sem tilheyrir einhverjum öðrum heimi en okkar eigin, rétt eins og Aron í „Bak við fossinn“?

Soffía Auður bendir í þessu samhengi á hvernig lífsviðhorf Kötu breytast um miðbik bókarinnar og vísar í því sambandi til „tilvistarlegra spurninga“ sem Kata spyr sig um líf sitt fram að þeim tímapunkti.¹²⁰ Sjálfsskoðun Kötu verður til þess að hún „geti ekki lengur afborið venjulegt líf, hún hafi „engu að tapa“ og verði „að feta veg athafna“.¹²¹ Hún fer á þessum tímapunkti úr því að vera „þögult vitni“, eins og djöfullinn í *Drápu* og Aron í „Bak við fossinn“, yfir í að vera hávært vitni sem grípur til aðgerða. Undir lok bókarinnar, þegar Kata er komin í fangelsi og gríðarleg áhrif aðgerðanna á umræðu um og baráttu gegn kynferðisofbeldi koma í ljós, fær hún loks að sjá árangur erfiðisins: „Hið sálfræðilega niðurbrot hefur stuðlað að pólitískri vakningu Kötu og í bókarlok virðist hún sátt. Líf hennar hefur öðlast merkingu fyrir tilverknað hefndarinnar en áður var það rúið tilgangi.“¹²²

Áhrif aðgerðanna sýna fram á hvernig gríðarlegar persónulegar fórnir þarf að færa í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Sem hliðstætt dæmi úr raunveruleikanum má nefna baráttu Hildar Lilliendahl gegn kynferðisofbeldi, en hún hefur „setið undir flóði

¹¹⁹ Björn Þór Vilhjálmsson, „Stríð gegn konum – Kata og nauðgunarmening“, *Ritið*, 3/2018, 127.

¹²⁰ Soffía Auður Birgisdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi: Krabbamein á þjóðarlíkama“, 135.

¹²¹ Sama heimild, 135.

¹²² Sama heimild, 135.

svívirðinga, hótana og ýmiss konar þöggunartilburða fyrir að hafa reynt að afhjúpa hatur karla á konum.“¹²³ Fyrirnefnd áhrif aðgerðanna leiða einnig í ljós hvernig Kata fer frá því að berjast fyrir hönd dóttur sinnar en endar á því að berjast fyrir hönd allra brotþola. Spurningunni um það, hvort við þurfum að vera nán brotþola til að standa ekki á sama, hefur því verið svarað. Kynferðisofbeldi er samfélagsvandamál sem snertir alla burtséð frá persónulegum tengslum. Þar með er þó ekki sagt að sjónarhorn aðstandandans sé óþarft; þvert á móti hefur það þau áhrif að lesandinn er nánari brotþola, og í gegnum sorgarferli Kötú finnur hann fyrir enn sterkari samúð og fær um leið nýja sýn á það óréttlæti sem brotþolar eru beittir.

Sú leið sem Kata fer í baráttunni er í þessu samhengi aukaatriði. Aðalatriðið felst í því að rísa upp og berjast gegn kynferðisofbeldi í brotnu réttarkerfi. Hefndaraðgerðin þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að slá lesandann utan undir og vekja hann til lífsins rétt eins og Kata gerir um miðbik bókarinnar, eða eins og Soffía Auður kemst að orði: „Steinari Braga hefur tekist að skrifa kraftmikla, breiða samfélagslýsingu sem heldur lesanda föngnum, vekur til umhugsunar um leið og hún ögrar.“¹²⁴

¹²³ Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, „Akta! – Kata! – Hata“, 259.

¹²⁴ Soffía Auður Birgisdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi: Krabbamein á þjóðarlíkama“, 136.

6 Niðurstöður

Þegar litið er yfir greiningar á þeim skáldverkum sem tekin hafa verið fyrir kemur í ljós hversu breitt svið þau spanna og hversu ótal margar birtingarmyndir kynferðisofbeldis fylgja þeim sjónarhornum sem þau eru skrifuð út frá. Sé litið til fyrsta sjónarhornsins sem tekið var fyrir, sjónarhorn brotaþola, má sjá hvernig lesandinn fær að upplifa kynferðisofbeldi með framsetningu hrollvekjunnar í *Konum*. Með því að upplifa raunir Evu í íbúðinni finnur lesandinn á táknrænan hátt fyrir þeirri innlokandi tilfinningu sem fylgir stöðu kvenna í kúgandi kerfi feðraveldisins, öllum þeim kröfum sem því fylgir og hlutgervingu þeirra innan þess.

Í *Hvítfeld – fjölskyldusögu* er sagan sögð frá annars konar sjónarhorni brotaþola. Óáreiðanleg frásögn Jennu verður til þess að lesandinn hættir að treysta henni en verður þó að taka til greina gegnumgangandi vísbendingar í sögum hennar um að hún hafi mögulega orðið fyrir kynferðisofbeldi. Lesandinn er því í þeirri stöðu að þurfa að taka afstöðu til þess hvaða skilaboðum Jenna sé að reyna að koma á framfæri um fortíð sína. Sönnunargögnin eru óljós og minna á þann vegg sem brotaþolar kynferðisofbeldis lenda oftar en ekki á í réttarkerfinu og kemur í veg fyrir að réttlætinu sé fullnægt.¹²⁵

Með sjónarhorni vitnis í *Drápu* og „Bak við fossinn“ fylgist lesandinn með raunum brotaþola úr fjarlægð. Í báðum verkunum er sagan sögð frá sjónarhorni persóna sem hafa takmarkaða samúð með brotaþola og fær þannig lesandann til að velta fyrir sér eigin afstöðu til kynferðisofbeldis.

Sjónarhorn geranda í *Góðu fólki* hefur þá sérstöðu meðal þeirra verka, sem tekin eru fyrir hér, að gerandinn er yfirleitt fjarlæg persóna í hinum verkunum sem lesandinn fær litlar sem engar upplýsingar um. Í *Góðu fólki* er lesandinn settur í þá óþægilegu stöðu að sjá sögu Sölva og Söru með hans augum sem geranda. Lesandinn bíður eftir því að Sölvi horfist í augu við sjálfan sig, en í hvert skipti sem hann virðist ætla að játa á sig verknaðinn á einlægan hátt snýst honum hugur og hann fer aftur í sama horf afneitunar. Lesandinn veit þó betur því hann hefur aðgang að hugarheimi Sölva þar sem ekki fer á milli mála í endurminningum hans að hann er, þegar allt kemur til alls, ofbeldismaður. Með augum Sölva blasir við afneitun og skortur á samúð með brotaþola og lesandinn kynnist þannig brotnu sálarlífi kynferðisafbrotamanns.

Síðasta sjónarhornið sem tekið er fyrir er sjónarhorn aðstandanda í *Kötu*. Með

¹²⁵ Sjá t.d. umfjöllun um sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum í Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli*, 172-179.

sjónarhorninu fær lesandinn ekki einungis að finna fyrir þeirri reiði sem fylgir því að horfa upp á gallað réttarkerfi bregðast nánum aðstandanda, heldur einnig hvernig það bregst öllum brotapolum. Leiðin sem Kata fer í leit sinni að réttlæti er ekki endilega sú rétta, og gengur auðvitað ekki upp í raunveruleikanum, en hún þjónar þó þeim tilgangi í sögunni að vekja upp sterkar tilfinningar með lesandanum, leyfir honum að finna fyrir heiftinni, og hvetur hann þannig til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn kynferðisofbeldi.

Með mismunandi sjónarhornum tekst höfundum verkanna að miðla ólíkum birtingarmyndum kynferðisofbeldis með fjölbreyttum hætti og sýna um leið fram á hversu margvíslegar þær eru, eins og kom fram í inngangi. Sjónarhornin nýtast þannig að lesendur fá að kynnast ólíkum aðkomum að kynferðisofbeldi með augum persóna í mismunandi stöðum. Meginstefið í sögunum er óréttlátt kerfi sem brotapolar hafa alltaf þurft, og munu líklega alltaf þurfa að búa við. Með því að setja lesandann í stöðu sögupersóna fær hann þannig innsýn, og um leið betri skilning, á þeim veruleika sem fylgir kynferðisofbeldi.

Eins og kom fram í inngangi hefur umræðan um kynferðisofbeldi orðið sífellt háværarari á undanförunum árum, bæði hér á landi og heimsvísu. Mikilvægi umræðunnar í baráttunni gegn kynferðisofbeldi verður seint dregið efa, eða eins og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir kemst að orði:

Samfélagið nýtur góðs af því þegar brotapolar rjúfa þögnina því það skapar umræður um ofbeldi og afleiðingar þess. Verði sú umræða nógu hávær er hún líkleg til að skapa þrýsting á yfirvöld um að spyrna við ofbeldi og auka úrræði fyrir brotþola, sem skila sér í heilnæmara samfélagi.¹²⁶

Bókmenntir hafa í þessu sambandi veigamiklu hlutverki að gegna í umræðunni enda er það eðli þeirra að endurspeglar samfélagið, og öll þau flóknu viðfangsefni sem því fylgir, og hreyfa þannig um leið við henni.

Í ritdómi um *Kötu* spyr Soffía Auður Birgisdóttir hvort „mörk raunveruleika og skáldskapar [hafa ekki] máðst út.“¹²⁷ Í ljósi þess að nokkur þeirra verka sem tekin hafa verið fyrir hér eru byggð með einum eða öðrum hætti á raunverulegum atburðum og/eða persónum er ljóst að mörkin eru að minnsta kosti óljós. Þegar kemur að fyrrnefndu hlutverki bókmennta í umræðunni um kynferðisofbeldi má færa rök fyrir því að það sé

¹²⁶ Sama heimild, 236.

¹²⁷ Soffía Auður Birgisdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi: Krabbamein á þjóðarlíkama“, 136.

umræðunni í hag, ef eitthvað er, að þau séu óljós. Með því að draga upp raunsæja og skýra mynd af kynferðisofbeldi verða áhrifin á umræðuna sterkari. En duga bókmenntir til þess að „rjúfa þögnina [og skapa] umræður um ofbeldi og afleiðingar þess“? Sé tekið mið af þeim verkum sem tekin hafa verið fyrir hér er ljóst að af nógu er að taka í íslenskum bókmenntum varðandi kynferðisofbeldi og þau hafa án efa sinnt sínu hlutverki með sóma.

Heimildaskrá

Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina – Ofbeldi, ábyrgð og femínísk fagurfræði í Drápu eftir Gerði Kristnýju.“ *Ritið*, 3/2018, 17-43.

„Ársskýrsla Stígamóta“, 2008, 34, sótt 12. apríl 2020 af vef Stígamóta:
<https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla2008.pdf>.

„Ársskýrsla Stígamóta“, 2018, 38, sótt 12. apríl 2020 af vef Stígamóta:
https://www.stigamot.is/static/files/arsskyrslur/stigamot_arsskyrsla_2018_vef.pdf.

Björn Þór Vilhjálmsson, „Af skuggum og hryðjulistaverkum“, *Morgunblaðið*, 13. des. 2008, sótt 19. júní af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1259903/>.

Björn Þór Vilhjálmsson, „Minnisblöð úr undirdjúpunum“, *Hugrás*, sótt 19. júní 2019 af Hugrás, vefriti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands:
<http://hugras.is/2017/01/minnisblod-ur-undirdjupunum/>.

Björn Þór Vilhjálmsson, „Stríð gegn konum – Kata og nauðgunarmenning“, *Ritið*, 3/2018, 125-149.

Burke, M., „Understanding Coulrophobia: A Fear of Clowns“, sótt 12. apríl 2020 af <https://www.healthline.com/health/mental-health/fear-of-clowns>.

Clover, C., „Karlur, konur og keðjusagir: Kyngervi í nútímahryllingsmyndum“, þýð. Úlfhildur Dagsdóttir, í *Áfangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003, 357-394.

Clover, C., *Men, Women and Chain Saws: Gender in the Modern Horror Film*, New Jersey: Princeton University Press, 1992.

Dagný Kristjánsdóttir, „Listin að pína konur“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2009, 109-113.

Freedman, E., *No Turning Back: The History of Feminism and the Future of Women*, New York: The Random House Publishing Group, 2002.

Friðrika Benónýsdóttir, „Eðlilegt að vilja drepa gerandann“, *Fréttablaðið*, 11. október 2014, 38.

Friðrika Benónýsdóttir, „Myrkusinn kemur í bæinn“, *Fréttablaðið*, 25. okt. 2014, 38.

Gerður Kristný, *Blóðhófnir*, Reykjavík: Mál og menning, 2010.

Gerður Kristný, *Drápa*, Reykjavík: Mál og menning, 2014.

Gerður Kristný, *Myndin af pabba: Saga Thelmu*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 2005.

Gerður Kristný, *Sálumessa*, Reykjavík: Mál og menning, 2018.

Gerður Kristný, „Sé eftir að hafa fæðst!“, *Séð og heyrt*, 10/1998, 13-14.

Guðrún Elsa Bragadóttir, „„Svona er þetta bara“: Hvítfeld – fjölskyldusaga“, *Druslubækur og doðrantar*, 28. janúar 2013, sótt 12. maí 2020 af:
<http://bokvit.blogspot.com/2013/01/svona-er-etta-bara-hvitfeld.html>.

Guðrún Jónsdóttir, „Um nauðganir“, vefútgáfa, sótt 4. maí 2020 af vefsíðu Stígamóta:
https://www.stigamot.is/static/files/baeklingar/um_naudganir_vefutgafa.pdf.

Hallgrímur Helgason, „Um hinn sársaukandi sársauka: Persónur leiða höfund sinn til heljar.“, *Ritið*, 3/2018, 173-179.

Hildur Lilliendahl Viggósdóttir, „Akta! – Kata! – Hata!“, *Ritið*, 3/2014, 257.

Hildur Ýr Ísberg, „Heiðarleiki eftir hentugleikum“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2013, 132-135.

Jón Bjarki Magnússon, „Fálmkennt að vera manneskja“, *DV*, 21. des. 2012, 42-44, sótt 12. maí 2020 af <https://timarit.is/page/6466727?iabr=on>.

Kjartan Már Ómarsson, „Dansað á óplægðum akrinum. Tólf lík, níu staðir og í lokin er allir glaðir.“, í *Ritið*, 1/2019, 79-97.

Kristín Eiríksdóttir, *Doris deyr*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2010.

Kristín Eiríksdóttir, *Hvítfeld fjölskyldusaga*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2012.

„Kynferðisofbeldi“, sótt 16. júní 2019 af vef Embættis landslæknis:
<https://www.landlaeknir.is/umembaettid/greinar/grein/item18286/KynferdisofbelKy>.

„Kynferðislegt ofbeldi“, sótt 16. júní 2019 af vef Stígamóta:
<https://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/kynferdislegt-ofbeldi>.

Lerner, G., *The Creation of Patriarchy*, New York: Oxford University Press, 1986.

Marianna Clara Lúthersdóttir, „Skyggni ágætt: Erindi um íslenskar samtímabókmenntir.“, sótt 16. júní af vef Miðstöðvar íslenskra bókmennta:
<https://www.islit.is/bokmenntakynning-og-thydingar/efni-um-islenskar-bokmenntir/erindi-um-islenskar-nutimabokmenntir/>.

Mendes, K., Ringrose, J., og Keller, J., „#MeToo and the promise and pitfalls of challenging rape culture through digital feminist activism“, *European Journal of Women's Studies*, 2018, 25. ár, nr. 2: 236, sótt 16. júní 2019 af
<https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/1350506818765318>.

Njörður P. Njarðvík, *Eðlisþættir skáldsögunnar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1975.

Páll Baldvin Baldvinsson, „Bentu á þann...“, *Fréttablaðið*, 19. des. 2008, 52, sótt 20. júní 2019 af <https://timarit.is/page/4015559?iabr=on>.

Soffía Auður Birgisdóttir, „Kynferðislegt ofbeldi: Krabbamein á þjóðarlíkama“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2015, 132-136.

Steinar Bragi, „Að tengjast kvenhataranum í sér“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóv. 2008, 4, sótt 21. júní af <https://timarit.is/page/5235820?iabr=on>.

Steinar Bragi, *Kata*, Reykjavík: Mál og menning, 2014.

Steinar Bragi, *Konur*, Reykjavík: Mál og menning, 2008.

„Um Stígamót“, sótt 16. júní 2019 af vef Stígamóta: <https://www.stigamot.is/is/um-stigamot>.

Úlfhildur Dagsdóttir, „Speglandi“, 2009, sótt 19. júní af <https://bokmenntaborgin.is/umfjollun/konur-0>.

van Raalte, C., „No Small-Talk in Paradise: Why *Elysum* Fails the Bechdel-Test and Why We Should Care.“, *Media, Margins and Popular Culture*, ritstj. Thorsen E., Savigny H., Alexander J., Jackson D., London: Palgrave Macmillan, 2015, 3, sótt 20. júní 2019 af https://doi.org/10.1057/9781137512819_2.

Valur Grettisson, *Gott fólk*, Reykjavík: Bjartur, 2015.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Á mannamáli: Brotin, dómarnir, aðgerðirnar og umræðan*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2009.